FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

221. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. SEPTEMBER 2017



Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra mætti á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær. Hún sagði það af og frá að leyndarhyggja hafi ráðið för í meðhöndlun upplýsinga um umsagnaraðila þeirra sem óskað hafa eftir uppreist æru. Sigríður sat fyrir svörum eftir hallarbyltingu í nefndinni þar sem Brynjari Níelssyni var vikið úr formannsstóli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Stór hluti telur stöðu Bjarna hafa versnað

**75 prósent þeirra sem afstöðu taka telja stöðu Bjarna Benediktssonar hafa versnað. Sjálfstæðisflokkurinn er í verri stöðu vegna atburða síðustu daga en tæp sjötíu prósent segja flokkinn standa verst samkvæmt nýrri könnun.**

**STJÓRNMÁL** Um 75 prósent þeirra sem afstöðu taka telja að pólitísk staða Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, sé veikari eftir atburði síðustu daga. Tæp 11 prósent telja að staða hans sé sterkari en rúm 14 prósent telja að staðan sé óbreytt. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Upp úr ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar slitnaði á fimmtudagskvöld eftir að upplýst var að Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna, hefði veitt dæmdum barnaníðingi umsögn vegna umsóknar hans um uppreist æru.

Í könnuninni voru svarendur líka spurðir að því hver stjórnarflokkanna þeim þætti standa verst eftir atburði síðustu daga. Niðurstaðan var sú að 68,4 prósent sögðu Sjálfstæðisflokkinn standa verst eftir atburði síðustu daga, 25,9 prósent sögðu Bjarta framtíð standa verst, en 3,4 prósent nefndu Viðreisn. Þá sögðu 2,3 prósent að staða flokkanna væri óbreytt.

Spurt var annars vegar: Er pólitísk staða Bjarna Benediktssonar sterkari eða veikari eftir atburði síðustu daga? Hins vegar var spurt: Hver stjórnarflokkanna finnst þér standa verst eftir atburði síðustu daga?

– jhh / sjá síðu 4

## Kosningar fresta skráningu Arion til 2018

**VIÐSKIPTI** Ekkert verður af fyrirhuguðu útboði og skráningu Arion banka á þessu ári. Slík áform hafa verið sett til hliðar vegna stjórnarslita og stefnir Kaupþing, sem á 58 prósenta hlut í Arion banka, nú að því að losa um hlut sinn í bankanum í gegnum opið útboð á fyrsta fjórðungi næsta árs, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknar, segir „útilokað að stjórnvöld geti fallið frá forkaupsrétti sínum að Arion banka við þá pólitísku óvissu sem nú er uppi“, en Kaupþing hefur að undanförnu átt í viðræðum við stjórnvöld um endurskoðun á forkaupsréttinum. Ekki er talið mögulegt að fara í útboð ef forkaupsrétturinn helst óbreyttur. – hae / sjá Markaðinn

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Kolbeinn Óttarsson Proppé fjallar um uppgjör við Sjálfstæðisflokkinn. 16

**SPORT** Bjarki Þór Pálsson verður í aðalbardaga í London. 12

**LÍFIÐ** Hyundai i30-bílar rjúka út eftir að Króli söng um þá í laginu B.O.B.A. En er þetta heppilegur bíll fyrir fyrsta stefnumót? 20



PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK
● LJÓS OG LAMPAR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




FJÖLSKYLDUKEPPNI Í MEÐVIRKNI
FRUMSÝNT Á MORGUN

## Veður




Gengur í hvassviðri eða storm á SA-landi um morguninn, en annars víða strekkingur eða allhvass vindur. Rigning um allt land, einkum SA til. Snýst í suðlæga átt, 10-18 seinnipartinn, en norðaustan hvassviðri NV til fram á kvöldið. SJÁ SÍÐU 16

# Mikið manntjón í Mexíkóborg

**MEXÍKÓ** Fjörutíu og tveir hið minnsta fórust þegar jarðskjálfti sem mældist 7,4 stig reið yfir suðurhluta Mexíkó í gær og olli mikilli eyðileggingu í Mexíkóborg.

Í gær voru 32 ár síðan hluti borgarinnar lagðist í rúst eftir meiriháttar jarðskjálfta. Fimm þúsund manns fórust í skjálftanum mikla árið 1985.

Enrique Peña Nieto, forseti Mexíkó, sagði í gær að 27 byggingar hefðu jafnast við jörðu í höfuðborginni. Umfangsmiklar björgunar- og leitaraðgerðir hófust enda leikur grunur á að fólk hafi grafist undir rústunum.

Stór hluti Mexíkóborgar er byggður á fornum vatnsbotni. Þannig getur mjúkur jarðvegurinn magnað áhrif skjálfta sem eiga upptök sín í mörg hundruð kílómetra fjarlægð. **– khn**

# Vatnsleki í Vesturbænum




**Starfsfólk Veitna stóð í ströngu í þegar heitavatnslögn á gatnamótum Hringbrautar og Bræðraborgarstígs fór að leka. Töluvert magn af sjóðandi heitu vatni kom upp á mótum Kaplaskjólsvegar og Víðimels og í nálægum brunnum. Fyrstu fregnir gáfu til kynna að nokkurt tjón hefði orðið en samkvæmt upplýsingum frá Veitum reyndust þær fregnir ekki á rökum reistar. Ekki er vitað til þess að slys hafi orðið á fólki.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Hornsteinn var lagður að byggingunni vorið 2011.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rétttrúnaðarkirkja fær ekki sölukofa á Mýrargötu

**SKIPULAGSMÁL** „Lóðirnar eru ekki ætlaðar smásölu í tímabundnum bjálkakofa,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar sem hafnar ósk rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar um að koma fyrir sölubúð á Mýrargötu.

Trúfélagið hefur fengið lóð frá borginni undir kirkju og safnaðarhús á Mýrargötu 21-23. Félagið hafði sótt um að fá að reisa átta fermetra söluhús og starfsmannaaðstöðu en breytti umsókninni og bað um leyfi fyrir 26 fermetra húsi. „Bjálkakofi fyrir starfsmenn og gesti kirkjunnar er óþarfur þar sem hvorki aðaluppdrættir né framkvæmdir á lóðinni liggja fyrir að svo stöddu. Kofinn styrkir ekki götumynd og er því ekki í samræmi við stefnu um virkar götuhliðar,“ segir skipulagsfulltrúi. **– gar**


# ÚTGÁFUHÓF

**Í DAG, 20. SEPT. KLUKKAN 17.00**

**Í PENNANUM EYMUNDSSON, AUSTURSTRÆTI**



Danski rithöfundurinn

**KIM LEINE**

les úr bók sinni KALAK og ræðir við gesti

LÉTTAR VEITINGAR

ALLIR VELKOMNIR

Sæmundur




Höfundur *Spámannanna í Botnleysufirði*


# Hrefnuvertíðin sú versta í yfir áratug

**Bátar hrefnuveiðimanna hafa ekki farið til veiða síðan í lok júlí og hafa þeir einungis veitt 17 dýr. Vertíðin styttri á næsta ári. Með því minnsta sem ég hef séð, segir skipstjóri hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Eldingu í Reykjavík.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnuveiðimenn hafa veitt 17 dýr í ár og ekki upplifað verri vertíð síðan atvinnuveiðar á hrefnu hófust árið 2006. Skipstjóri hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Eldingu segir mun minna hafa verið af hrefnu á Faxaflóa í sumar en undanfarin ár.

„Ég veit ekki hversu langt þú þarft að fara aftur en þetta er það minnsta sem við höfum séð. Veður setti strik í reikninginn og ýmislegt kom upp á. Það var kannski aldrei farið af fullri hörku í þetta en þetta var ekki nógu gott,“ segir Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri IP-útgerðar, sem hefur gert út á hrefnu í um tíu ár.

Tveir bátar, Hrafnreyður KÓ og Rokkarinn KE, voru að veiðum í Faxaflóa en einnig norður í Skagafirði. Vertíðin hófst mánaðamótin apríl-maí en fyrsta dýrinu var ekki landað fyrr en í annarri viku júnímánaðar. Gunnar segir útlit fyrir að vertíðinni sé lokið en útilokar ekki að farið verði til veiða ef veður og aðstæður leyfa. Kvótinn sé um 220 dýr og veiða megi sex mánuðum eftir að vertíðin hefst.

„Það er klárlega minna af hrefnu á þessum svæðum hvað sem veldur. Þessi 40 þúsunda dýrastofn sem er hérna einhvers staðar er ekki dauður en er kannski kominn miklu norðar eða heldur sig upp við austurströnd Grænlands,“ segir Gunnar.

IP-útgerð gerir Hrafnreyði út og rekur vinnslu í Hafnarfirði. Gunnar hefur flutt inn hrefnukjöt frá Noregi þegar framboð hefur ekki annað eftirspurn. Að hans sögn hefur útgerðin ekki flutt inn neitt kjöt á þessu ári. Í fyrra veiddust 46 dýr sem dugðu til að anna eftirspurn fram að síðasta vori.

„Það eru allar líkur á því að við förum aftur út næsta sumar en þá á styttri vertíð eða sem nemur tveimur til þremur mánuðum,“ segir Gunnar.

„Við sáum eitthvað minna af hrefnu en undanfarin ár. Einnig var erfiðara að sjá hana sem þýðir að hún er lengur niðri og sýnir sig minna. Þetta er með því minnsta sem ég hef séð en ég er búinn að vera í þessu í tíu ár,“ segir Guðlaugur Ottesen, skipstjóri hjá Eldingu.

**haraldur@frettabladid.is**



**IP-útgerð gerir hrefnubátinn Hrafnreyði KÓ út og rekur vinnslu í Hafnarfirði. Aðeins hafa verið veiddar 17 hrefnur í ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

> **Ég veit ekki hversu langt þú þarft að fara aftur en þetta er það minnsta sem við höfum séð.**
>
> Gunnar Bergmann Jónsson, framkvæmdastjóri IP-útgerðar






Með hinum glæsilega Avensis tryggir þú mikilvægustu farþegunum meira rými til að njóta og aksturinn verður langtum ljúfari – svo mjög að undir stýri hans eru gæðastundir alltaf bara rétt handan við hornið.

Líttu við og mátaðu þig og þína við Avensis með reynsluakstri. Núna er tíminn.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis







# Tími tveggja flokka stjórna liðinn

**Sjálfstæðisflokkurinn er á pari við verstu niðurstöðu sína í nýrri könnun. Þrír stjórnmálaflokkar eru í mikilli hættu á að missa alla þingmenn. Niðurstaðan minnir á pólitískt landslag í Skandinavíu. Minnihlutastjórnir gætu verið eina leiðin til að ná festu í stjórnarfarið.**

**STJÓRNMÁL** Ef niðurstöður komandi kosninga verða í takti við þá niðurstöðu sem skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis sýnir verður Sjálfstæðisflokkurinn í svipaðri stöðu og hann var eftir kosningarnar 2009, rétt eftir bankahrunið.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis fengi Sjálfstæðisflokkurinn 23 prósenta fylgi og 15 þingmenn kjörna. Hann var með 23,7 prósenta fylgi í kosningunum 2009 og fékk 16 þingmenn kjörna. Það var minnsta fylgi sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið í kosningum. Vinstri græn eru með 22,8 prósenta fylgi í könnuninni og fengju 15 þingmenn kjörna. Það er einnig áþekkt niðurstöðum kosninganna 2009 þegar VG fékk 21,7 prósent greiddra atkvæða upp úr kjörkössunum og 14 þingmenn kjörna.

Samkvæmt könnuninni eru Píratar þriðji stærsti flokkurinn með tæp 14 prósent, Flokkur fólksins er með tæp 11 prósent og Framsóknarflokkurinn rúm 10 prósent. Björt framtíð er með rúm 7 prósent og Samfylkingin og Viðreisn eru með rúm 5 prósent hvor.

Samkvæmt þessum niðurstöðum fengju átta flokkar kjörna fulltrúa á Alþingi. Það yrði einstök staða í íslenskum stjórnmálum. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur sagt að sér hugnist ekki samstarf margra flokka. „Ég vil sjá að nýju stjórnarsamstarf sem byggir á tveimur sterkum flokkum. Ég held að það kosti minnstar málamiðlanir milli flokka og ef slík stjórn verður í boði eftir kosningar þá verði það langsterkasti kosturinn, fyrsti kosturinn í mínum huga er að mynda tveggja flokka stjórn. Ég held hins vegar að margt segi manni að, eins og sakir standa, sé það ólíklegt,“ sagði hann í samtali við fjölmiðla eftir að hann skilaði Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, þingrofsbeiðni á mánudag.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, segir þá daga liðna að Íslendingar geti fengið tveggja flokka stjórnir. „Þessi könnun kemur auðvitað í kjölfar mikilla atburða, þegar ríkisstjórn hrynur, en ef við tökum niðurstöðuna eins og hún liggur fyrir þá sjáum við að flokkakerfið hefur riðlast,“ segir hann. Þessi breyting útiloki að hægt sé að búast við tveggja flokka stjórn.

Eiríkur Bergmann segir að með svo marga flokka séum við komin miklu nær hinu skandinavíska flokkakerfi. Danska og norska módelið sé í kringum átta flokka. „Ég held líka að pólitískt séum við komin á þann stað að minnihlutastjórnir geta verið eina leiðin til að fá festu í stjórnarfarið. Það er bara einhver pólitískur veruleiki sem við verðum að venja okkur við,“ segir Eiríkur. Stjórnskipan í ríkjum í kringum okkur byggi mikið á minnihlutastjórnum og það sé ekkert náttúrulögmál að Íslendingar séu með meirihlutastjórnir.

„En þetta er allt óljóst núna og botnbaráttan er rosaleg í þessari könnun. Þú ert með þrjá flokka sem allir geta dottið út af þingi. Það breytir öllu hver þróunin á því fylgi verður,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

### Aðferðafræði könnunarinnar

Hringt var í 1.311 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki 18. september. Svarhlutfallið var 61 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var í Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Alls tóku 64,4 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sem tóku ekki afstöðu til flokka sögðust 9% ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 11,5% sögðust óákveðin en 15,1% svöruðu ekki spurningunni.

> **Þú ert með þrjá flokka sem allir geta dottið út af þingi. Það breytir öllu hver þróunin á því fylgi verður.**



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði

SLÁANDI SEPTEMBER AFSLÁTTUR

RENEGADE

Með 400.000 kr afslætti.
DÆMI: Longtitude 4.390.000 kr.
MEÐ AFSLÆTTI: 3.990.000 kr.



- 400.000 kr.

Allir sem kaupa eða panta nýjan Jeep hjá Ís-Band í september, geta fengið sláandi afslátt.

*Tilboðið gildir til 30. september 2017

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan NISSAN ef þú pantar fyrir 30. september

NISSAN

Innovation that excites

## Nissan X-Trail

# SPORTJEPPI

**Nissan X-Trail er einstaklega rúmgóður og þekktur fyrir glæsilegt útlit og ríkulegan búnað.**



## NISSAN X-TRAIL

**Framhjóladrifinn, sjálfskiptur, dísil, 130 hestöfl, eyðsla 5,1 l/100 km***

**Verð: 4.590.000 kr.**

**Fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, dísil, 177 hestöfl, eyðsla 6,1 l/100 km***

**Verð: 5.790.000 kr.**

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan X-Trail að verðmæti **490.000 kr.**

Hlaðinn nýjasta búnaði. 7 sæti, 17" álfelgur, 7" upplýsingaskjár, bakkmyndavél, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 360° myndavélakerfi, Bluetooth símkerfi, regnskynjari í framrúðu, fjarlægðarskynjarar, dökkar afturrúður, akreinavari, neyðarhemlunarkerfi, rafdrifin sóllúga og margt fleira.

Nánari upplýsingar á nissan.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM83719

EXTRA tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Frá stjórnarmyndunarviðræðum undir forystu Katrínar Jakobsdóttur á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sáu enga ástæðu fyrir fimm flokka stjórn

**Þingflokksformanni Pírata þykir of geyst farið í kosningar. Fimm flokka stjórn hafi verið möguleiki. Fólk á þingi segist hafa talað fyrir daufum eyrum Vinstri grænna en formaður flokksins segir þann möguleika aldrei hafa komið upp.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokksformaður Pírata skilur ekki að fimm flokka meirihlutastjórn hafi ekki verið alvarlega rædd áður en þing var rofið. Formaður Vinstri grænna segir að hugmyndir um minnihlutastjórn hafi komið til tals en hún hafi ekki séð ástæðu til þess að leggja til stjórn með Bjartri framtíð og Viðreisn.

„Það var rosalega erfitt að fá [Vinstri græn] til að koma og tala saman,“ segir Birgitta Jónsdóttir, formaður þingflokks Pírata. „Ég hefði viljað fá fund með öllum og í raun taldi ég það siðferðislega skyldu okkar.“

Eftir kosningar í fyrra var reynt að mynda stjórn Vinstri grænna, Pírata, Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Samfylkingar. Að mati Birgittu hefði það verið „kúl“ ef Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, hefði boðað sömu flokka aftur á fund og reynt að nýju.

„Mér þótti við ekki hafa reynt til þrautar síðast og það hafa orðið talsvert miklar breytingar síðan þá. Nú hefði fólk mögulega verið til í að gera frekari málamiðlanir. Fyrsta skrefið hefði verið að tala saman. Það er alltaf upphafið að einhverju,“ segir Birgitta. „Ég skil ekki hví það lá svona á að boða til kosninga.“



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.



Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata.

Heimildarfólk Fréttablaðsins, úr áðurnefndum þingflokkum, segir að möguleikinn á fimm flokka stjórn hafi verið nefndur eftir að Björt framtíð sleit stjórnarsamstarfinu. Hins vegar hafi verið talað fyrir daufum eyrum Vinstri grænna. Katrín Jakobsdóttir segir ekkert hæft í því.

„Á föstudag stungum við upp á minnihlutastjórn Framsóknarflokks og Samfylkingar sem Viðreisn og Björt framtíð hefðu varið falli. Við fengum engin svör við þeirri hugmynd og því varð það úr á fundi með forseta að við teldum kosningar eðlilegasta framhaldið,“ segir Katrín.

Formaðurinn segir ekkert hæft í því að einhverjar þreifingar hafi verið í gangi með fimm flokka stjórn. Sá kostur hafi verið skoðaður af skyldurækni en í raun hafi aðeins Píratar nefnt það af fullri alvöru.

„Það má líka fylgja sögunni að við sáum ekki nokkra ástæðu til að fara í stjórn með flokkum sem voru nýbúnir að leggja fram fjárlagafrumvarp sem beindist gróflega gegn okkar stefnu,“ segir Katrín. Vinstri græn standi fyrir uppbyggingu í heilbrigðis- og menntakerfinu auk þess að bæta stöðu þeirra hópa sem verst standa.

„Við sáum ekki málefnalega ástæðu fyrir slíkri stjórn og því var hún ekki rædd,“ segir Katrín.

johannoli@frettabladid.is

# Tillögur VR myndu kosta 130 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að hugmyndir um að endurskoða fjárhæð persónuafsláttar til samræmis við þróun launavísitölu frá árinu 1990 myndu þýða tekjutap fyrir ríkissjóð upp á að lágmarki 130 milljarða króna á ári. Af þeirri fjárhæð færu um 74 prósent til þeirra tekjuhærri.

Þetta kemur fram í aðsendri grein Halldórs í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, en í síðustu viku ályktaði stjórn VR, stærsta stéttarfélags landsins, að markmið félagsins í komandi kjarasamningum yrði að gera lægstu laun skattfrjáls. Það ætti að gera með því að hækka persónuafslátt þannig að hann verði endurskoðaður til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990.

Framkvæmdastjóri SA segir tillöguna óraunhæfa. „Persónuafsláttur er 52.907 krónur á mánuði en uppreiknaður miðað við launavísitölu árið 1990 verður hann 112.881 krónur. Við það lækka mánaðarlega skattgreiðslur hvers einstaklings, sem fullnýtir afsláttinn, um tæpar 60 þúsund krónur burt séð frá því hvar hann er í tekjudreifingu. Skattleysismörk myndu þannig hækka úr tæpum 150 þúsund í tæp 320 þúsund á mánuði miðað við fjögurra prósenta framlag launþega í lífeyrissjóð.



Halldór Benjamín Þorgeirsson, framkvæmdastjóri SA.

Heildarkostnaður aðgerðarinnar væri metinn 130 milljarðar á ári. Til samanburðar er heildarframlag til heilbrigðismála um 190 milljarðar á ári,“ segir í grein Halldórs.

Þá bendir hann á að tillögur um launavísitölutengdan persónuafslátt frá árinu 1990 myndu nánast þurrka upp allar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga. „Í fyrra námu þær ríflega 150 milljörðum en yrðu, miðað við breytingarnar, um 20 milljarðar.“ – **hae, sjá Markaðinn**





Ráðstefna í HR, föstudaginn 22. september

**Fullveldi í 99 ár**

**Ráðstefna um fullveldi frá sjónarhóli mismunandi fræðigreina**

Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Bifröst standa fyrir ráðstefnu í tilefni af útgáfu afmælisrits til heiðurs dr. Davíð Þór Björgvinssyni, prófessor og fyrrverandi dómara við mannréttindadómstól Evrópu.

**DAGSKRÁ**

13.00 **Setning**, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR, ráðstefnustjóri og ritstjóri afmælisritsins

13.05 **Ávarp forseta Íslands**, Guðna Th. Jóhannessonar

13.10 **Alþjóðlegt sjónarhorn**
*„Saving the giant from its untimely death“*
Chibli Mallat, Professor of Law, University of Utah
*Sovereignties: A view from the EU*
Alexandre Stutzmann, Director for Committees: External Policies European Parliament

13.30 **Heimspeki, saga, menning og stjórnmál**
*Heimsborgarahugsjónin*
Salvör Nordal, umboðsmaður barna og dósent við sagnfræði- og heimspekideild HÍ
*Leiðin til fullveldis*
Stefanía Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild HÍ
*„Ísland sé fyrir Íslendinga“*
Guðmundur Hálfdanarson, prófessor við sagnfræði- og heimspekideild HÍ og forseti hugvísindasviðs
*Fullveldi smáríkja*
Baldur Þórhallsson, prófessor við stjórnmálafræðideild HÍ
*Tungan og fullveldið*
Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor við íslensku- og menningardeild HÍ

14.30 **Kaffihlé**

14.50 **Lögfræði og hagfræði**
*Krónan og fullveldið*
Ólafur Ísleifsson, dósent við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst
*Stjórnarskrárákvæði um framsal ríkisvalds*
Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ
*Er þörf á stjórnarskrárákvæði um stöðu þjóðaréttar?*
Skúli Magnússon, héraðsdómari og dósent við lagadeild HÍ
*Mannréttindadómstóllinn og fullveldið*
Dóra Guðmundsdóttir, sérfræðingur í Evrópurétti og aðjúnkt við lagadeild HÍ
*Forgangur EES reglna: Hvað er að frétta af bókun 35?*
Gunnar Þór Pétursson, framkvæmdastjóri innra markaðssviðs Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og prófessor við lagadeild HR
*Fullveldið og heimskautarétturinn*
Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við lagadeild HA

15.50 **Margeygt og margarma kvikvendi**
Davíð Þór Björgvinsson

16.00 **Umræður**

16.30 **Ráðstefnu slitið**

Ráðstefnan fer fram í fyrirlestrarsal V101 í Háskólanum í Reykjavík frá kl. 13-16:30. Allir velkomnir.

Háskólinn á Akureyri
UNIVERSITY OF ICELAND
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY




# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

## FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **5.590.000** KR.

**TILBOÐSVERÐ FRÁ:**

**4.990.000** KR.

Tilboðið gildir um bíla sem til eru á lager og afhentir í september.

**SPARAÐU 600.000 KR.**

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Meira tjón fram undan vegna Mariu

**Þök rifnuðu af húsum á Dóminíku og mikil flóð dundu á Guadeloupe í Karíbahafi í gær þegar fimmta stigs fellibylurinn Maria gekk yfir. Búist er við frekara tjóni í dag. Vindhraði Mariu jókst óvenjuhratt vegna hitastigs sjávar. Bylurinn ógnar hjálparstarfi á Karíbahafi.**

**VEÐUR** Fellibylurinn Maria komst á fimmta stig áður en hún gekk yfir Dóminíku og Guadeloupe í Karíbahafi í gær og olli miklu tjóni. Búist er við því að Maria gangi yfir Bandarísku og Bresku Jómfrúaeyjar í dag. Þá átti stormurinn að ganga yfir Púertó Ríkó og Montserrat í nótt, það hafði hann ekki gert þegar Fréttablaðið fór í prentun.

„Allt sem peningar geta keypt hefur tapast. Minn helsti ótti nú í morgunsárið er sá að við fáum fréttir af alvarlegum meiðslum, mögulega manntjóni, vegna aurskriðna sem rigningar fellibylsins komu líklega af stað,“ sagði Roosevelt Skerrit, forsætisráðherra Dóminíku, í tilkynningu sem hann birti á Facebook í gær.

Skerrit sagði jafnframt að þakið á bústað forsætisráðherra hefði rifnað af líkt og á húsum margra annarra. Þá ítrekaði Dóminíkumaðurinn að ríkið þyrfti alla þá hjálp sem það gæti fengið. Of snemmt væri þó að segja til um ástand flugvalla og hafna. „Þess vegna vil ég gjarnan biðja vinaþjóðir og samtök um að senda okkur hjálp með þyrlum.“

Á Guadeloupe olli Maria meðal annars svo miklum flóðum að vegir og heilu húsin voru á kafi í gær þegar stormurinn gekk yfir.



Maria olli miklu tjóni á eyjunni Guadeloupe. Fellibylurinn, sem fór af þriðja stigi og upp á það fimmta á örfáum klukkustundum, hreyfist nú í vesturátt og er búist við því að hann gangi yfir fleiri eyjar og leiki þær grátt. NORDICPHOTOS/AFP

Snemma á mánudag var Maria fyrsta stigs fellibylur en í fyrrinótt var hún komin á fimmta stig. Fór hún til að mynda af þriðja stigi og upp á það fimmta á örfáum klukkustundum. Olli Maria því meira tjóni á Dóminíku en búist var við. Eftir að Maria náði landi á eyjunni veiktist hún og fór niður á fjórða stig en styrktist skjótt aftur og fór upp á fimmta stig á ný.

Meðalvindhraði Mariu í gær var rúmlega 70 metrar á sekúndu. Til samanburðar var meðalvindhraði Irmu um 83 metrar á sekúndu þegar hún olli miklum skaða á meðal annars Barbúda og Sankti Martin.

Steve Cleaton, veðurfræðingur hjá BBC, sagði í gær að helsta ástæðan fyrir því hversu mikið og fljótt stormurinn styrktist væri óvenjuhlýr sjór. Yfirborðshiti sjávar í Karíbahafi væri nú einni til tveimur gráðum hærri en vanalegt er miðað við árstíma.

**» Meðalvindhraði Mariu í gær var um 70 metrar á sekúndu. Til samanburðar var meðalvindhraði Irmu 83 metrar á sekúndu þegar hún gekk yfir St. Martin.**

Spár Fellibyljastofnunar Bandaríkjanna (NHC) gera ráð fyrir því að slóð Mariu verði svipuð slóð fellibylsins Irmu sem hrelldi íbúa við Karíbahaf á dögunum. Þó gera spár ekki ráð fyrir því að Maria gangi sem fellibylur á meginland Bandaríkjanna en það gæti breyst.

Irma olli gífurlegu tjóni á allnokkrum eyjum í Karíbahafi. BBC greindi frá því í gær að nokkrar þeirra eyja sem Maria stefnir á hafi ekki farið illa út úr Irmu og hafi því verið notaðar sem eins konar birgðastöðvar fyrir hjálparstarf. Til að mynda hafi Púertó Ríkó veitt nágrannaríkjum sínum dýrmæta aðstoð. Nú sé það starf í mikilli hættu vegna yfirvofandi hamfara.

thorgnyr@frettabladid.is



得

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ




ASX 4x4 sjálfskiptur, dísil

**4.190.000**

Verðlistaverð: 4.890.000

## SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAÐ ÁRA FRESTI

**Mitsubishi ASX** er fjórhjóladrifinn sportjeppi sem skilar þér miklu afli á mjúkan og sparneytinn hátt og er sérstaklega vel útbúinn. Þú situr hærra, hefur meira rými og nýtur fimlegra aksturseiginleika sem auka þægindin í akstrinum. Komdu í reynsluakstur.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

- 18" álfelgur
- Bluetooth handfrjáls búnaður
- Rafstýrðir, aðfellanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- 650W Rockford hljómflutningskerfi
- Skyggt gler í hliðar- og afturrúðu
- Bakkmyndavél og nálgunarvari
- Lyklalaust aðgengi
- Xenon aðalljós

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

Ath! Verð og tilboðsverð kunna að vera háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

# Krataákallið



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Í kosningabaráttunni fram undan er leikurinn fyrir fram ójafn enda hafa smáflokkar og nýstofnaðir flokkar ekki sömu innviði og rótgróin stjórnmálaöfl til að undirbúa sig. Í galopinni stöðu styrkir það Sjálfstæðisflokkinn að sósíaldemókratar hafa sem fyrr tvístrast út um allt á leiksviði stjórnmálanna.

Það myndi styrkja stöðu íslenska vinstrisins að lúta sameinaðri forystu. Það var tilraun sem var reynd hér á landi með ágætum árangri í 15 ár áður en henni lauk með sjálfsprottinni eyðileggingu og innanmeinum hjá Samfylkingunni.

Á Íslandi var 7,2 prósenta hagvöxtur á síðasta ári og hefur framleiðniaukningin hvergi verið meiri í álfunni á síðustu árum. Atvinnuleysi er lítið, skuldir ríkisins hafa kerfisbundið verið lækkaðar og staða og horfur í efnahagsmálum eru bjartar ef vinnumarkaðurinn er undanskilinn. Það er samt engum vafa undirorpið að það eru hópar í íslensku samfélagi sem upplifa sig jaðarsetta. Hér má nefna lágtekjufólk, aldraða og öryrkja. Fatlaðir hafa í mörg ár beðið eftir löggjöf um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) en um er að ræða þjónustuform sem tryggir fötluðu fólki sjálfstæði í eigin lífi. Sú staðreynd að löggjafinn hefur ekki enn þá afgreitt frumvarp um NPA hlýtur að vera persónuleg vonbrigði fyrir félagsmálaráðherra. Ef hann hefur á annað borð einhvern áhuga á málaflokknum sem hann stýrir.

Í þessu andrúmslofti er rík eftirspurn eftir flokkum með sósíaldemókratískar áherslur. Meðal annars af þessari ástæðu hefur Flokkur fólksins sótt í sig veðrið í skoðanakönnunum. Sú staðreynd að vinstriflokkarnir eru tvístraðir hjálpar hægriflokkunum. Ákall forsætisráðherra um sterk stjórnmál og trúverðuga forystu fær byr undir báða vængi þegar andstaðan er tvístruð, veik og aum og lætur stefnuna markast af vindum þjóðfélagsumræðunnar.

Fylgishrun Samfylkingarinnar er efni í félagsvísindarannsókn. Flokkurinn fékk 31 prósent í alþingiskosningunum 2003 en tapaði tveimur þriðju hlutum fylgis síns á áratug. Á sama tíma og flokkurinn barðist fyrir umdeildum málum í síðustu vinstri stjórn logaði hann í innbyrðis átökum. Pínleg úrslit síðustu kosninga voru kannski viðeigandi niðurlag þessarar sögu.

Eins og staðan er núna er Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, óskoraður leiðtogi jafnaðarmanna á Íslandi. Vilji hún hins vegar hefja VG til flugs verður hún að breikka málefnastöðu flokksins og snúa umræðunni að efnislegu inntaki ójöfnuðar á Íslandi. Kjósendur skrifa ekki upp á skattahækkanir án sannfæringar fyrir nauðsyn þeirra. Beina þarf kastljósinu að hinum raunverulega vanda velferðarkerfisins. Setja þarf málflutning um vanda sem fylgir ójöfnuði á Íslandi í trúverðugan búning. Fólk þarf að skynja og upplifa vandann til að trúa tilvist hans. Á Íslandi er ekki frjór jarðvegur fyrir stjórnmál öfundar þar sem málflutningurinn gengur út á skattahækkanir í þeim eina tilgangi að eyða ójöfnuði ef skaðlegar afleiðingar hans eru ekki sýnilegar. Ef Katrínu tekst ekki þetta verkefni verður flokkur hennar aldrei raunveruleg fjöldahreyfing sem getur ógnað Sjálfstæðisflokknum.

**Eins og staðan er núna er Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, óskoraður leiðtogi jafnaðarmanna á Íslandi.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hætta á stjórnarkreppu**

**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að til þess að koma á festu í stjórnmálin á Íslandi þurfi sterka tveggja flokka ríkisstjórn. Miðað við niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins eru afskaplega takmarkaðar líkur á því að þetta skilyrði verði uppfyllt eftir næstu kosningar. Útlit er fyrir að eftir þingkosningar eigi sex til átta stjórnmálaflokkar fulltrúa á Alþingi. Pólitískur vilji flokkanna til samstarfs verði álíka mikill og eftir síðustu kosningar. Hættan á langvarandi stjórnarkreppu í landinu virðist yfirvofandi. Þá mun reyna meira á forseta Íslands en gert hefur allt frá árinu 1980 þegar Kristján Eldjárn sat í embætti.**

**Sjálfstæðismenn í dýfu**

**Sjálfstæðisflokkurinn fær skelfilega útreið í nýju skoðanakönnuninni, með jafn mikið fylgi og kosningavorið eftir bankahrun. En baráttan er rétt að fara af stað og næsta laugardag verða fimm vikur til kosninga. Ef kosningabaráttan mun áfram snúast um þau mál sem leiddu til þess að ríkisstjórnarsamstarfinu var slitið eiga Sjálfstæðismenn ekki von á góðu. Snúist samtalið aftur á móti upp í hið sama og rætt var um í baráttunni fyrir ári, gæti flokkurinn hins vegar rétt úr kútnum. jonhakon@frettabladid.is**

# Uppgjör við Sjálfstæðisflokkinn



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Enn á ný göngum við að kjörborðinu til að velja þá stefnu sem við teljum að best henti samfélaginu okkar og það fólk sem við viljum að fari fyrir henni. Við Vinstri græn teljum að stjórnmálaflokkar eigi að hafa sömu stefnu eftir kosningar og fyrir. Þannig lögðum við fram tillögur til breytinga á fjárlögum í desember sem miðuðu að því að bæta hag venjulegs fólks með aukinni samneyslu í samræmi við þau loforð sem stjórnmálaflokkar gáfu kjósendum fyrir síðustu kosningar. Þær voru því miður felldar. Okkur gefst nú einstakt tækifæri til að sýna í verki hver skoðun okkar er á stjórnarháttum Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn hefur meira eða minna haldið um valdataumana síðustu áratugi og skapað þá menningu samtryggingar og leyndarhyggju sem við getum nú gengið á hólm við. Og þegar Sjálfstæðisflokkurinn fer nú að tala um stöðugleika og nauðsyn þess að hafa styrka forystu, vil ég biðja ykkur að hafa í huga að síðustu þrjár ríkisstjórnir sem hann hefur átt aðild að hafa hrökklast frá völdum.

Komandi kosningar gefa okkur tækifæri til að sýna í verki að við viljum að samfélaginu sé stýrt á samfélagslegum forsendum. Við viljum útrýma fátækt, bæta hag þeirra sem verst standa, auka samneysluna og opna stjórnsýsluna. Við viljum samfélag jöfnuðar, þar sem hagur fólks er hærra metinn en tölur í Excel-skjali.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um hver er stefna fráfarandi stjórnarflokka, hún birtist í nýframlögðum fjárlögum og áður samþykktum fjármálaáætlun og fjármálastefnu. Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Björt framtíð vilja minnka hlutfall samneyslunnar af vergri landsframleiðslu sem mun bitna á þeirri grunnþjónustu sem venjulegt fólk reiðir sig á. Sem betur fer sprakk stjórnin áður en hún náði fjárlagafrumvarpinu í gegn.

Besta leiðin til að tryggja nýja stjórnarhætti þar sem hagsmunir venjulegs fólks eru í fyrirrúmi er að kjósa flokk sem berst fyrir félagshyggju. Við í Vinstri grænum höfum sýnt það í verki að það gerum við. Tryggjum flokknum góða kosningu og undirbúum jarðveginn fyrir félagshyggjustjórn undir forystu Katrínar Jakobsdóttur.

**Komandi kosningar gefa okkur tækifæri til að sýna í verki að við viljum að samfélaginu sé stýrt á samfélagslegum forsendum.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Gönuhlaup Bjartrar framtíðar



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Ríkisstjórnin er búin að sitja í 8 mánuði, og má draga frá þessum tíma þinghlé og sumarleyfi. Var ríkisstjórnin því enn með stefnu sína og framkvæmdaáætlun á undirbúningsstigi.

Með riftun Bjartrar framtíðar á stjórnarsamkomulaginu var þessi undirbúningur að litlu gerður; tapaður tími og vinna: Það eru 188 mál á þingmálalista ríkisstjórnarinnar , sem væntanlega munu nú lenda í biðstöðu eða detta upp fyrir.

Starfsstjórn tekur við. Þó að kosið verði 28. október, veit enginn hvenær ný starfhæf ríkisstjórn verður mynduð. Verkefni starfsstjórnar er rétt, að halda málum gangandi. Nánast láta reka á reiðanum. Í raun er því verið að spilla heilu ári í jákvæðri viðleitni og uppbyggilegu starfi ríkisstjórnar og alþingismanna. Má reikna það til gífurlegra fjármuna, tuga milljarða króna, eða meira, sem þá tapast.

Svipaðar fjárhæðir gufuðu upp á eignamörkuðum sl. föstudag. Töluðu sérfræðingar um, að langt væri síðan að annar eins titringur hefði farið um skuldabréfa- og hlutabréfamarkaðinn. „Þetta var eins og blóðbað,“ varð verðbréfamiðlara að orði. Kann þetta þó bara að vera byrjunin.

Þessi stjórnarslit kunna líka að veikja krónuna, umfram þá nauðsynlegu leiðréttingu, sem komin var af stað, sem

**Annað mál er auðvitað, að forsætisráðherra ber enga ábyrgð á gjörðum föður sins, og þarf hann hvorki að standa Guði né mönnum reikningsskil á þeim.**

aftur kynni að setja af stað nýja verðbólguskriðu – hærra verðlag og svo hærri vexti – gamlan og velþekktan vítahring krónunnar, en hluti af núverandi festu krónunnar felst í aðhaldssamri fjármálastefnu ásamt hófsamlegri útgáfu ríkisskuldabréfa og – að mestu – jákvæðri stefnu þessarar ríkisstjórnar gagnvart mörkuðum og atvinnulífi.

Stjórnarslit Bjartrar framtíðar eru því stórmál og kunna að leiða til alvarlegs bakslags í efnahagsmálum landsmanna.

Tilefni Bjartrar framtíðar til stjórnarslitanna var, að forsætisráðherra og/eða dómsmálaráðherra hefðu leynt því, að faðir forsætisráðherra hafði skrifað meðmælabréf fyrir brotamann, sem þó hafði afplánað refsingu sína, til að gera þessum manni kleift, að öðlast „uppreist æru“ og komast aftur inn í íslenskt samfélag.

Lítum fyrst á þessa hlið málsins.

Það má lengi deila um, hvað sé hæfileg refsing við hinum ýmsu brotum, og virðast refsingar hér vægar, miðað við það sem gerist annars staðar, en refsilöggjöfin byggir á mati Alþingis, sem leitast við að finna „rétta refsingu“ fyrir brotamenn, þeim sjálfum til vítis og varnaðar og öðrum til viðvörunar.

Í þessu tiltekna máli var brotið barnaníð, með verstu brotum, og sársauki fórnarlambs og aðstandenda gífurlegur, en, að íslenskum lögum, var refsing líka þung.

Skv. grundvallarskilgreiningu laga og siðfræði er brotamaður búinn að gjalda fyrir brot sitt með afplánun dóms. Gerir löggjafinn ráð fyrir, að sá, sem hefur tekið út refsingu sína og hagað lífi sínu rétt og vel eftir það, geti fengið uppreist æru til að komast aftur inn í samfélagið og hefja nýtt líf.

Mitt mat er því, að faðir forsætisráðherra hafi ekki gert mistök með meðmælabréfi sínu, hafi hann þekkt brotamann að góðu einu í öðrum efnum, heldur hafi hann sýnt mannlegan skilning og mannúð með umsögn sinni. Annað mál er auðvitað, að forsætisráðherra ber enga ábyrgð á gjörðum föður sins, og þarf hann hvorki að standa Guði né mönnum reikningsskil á þeim.

Varðandi yfirhylmingu eða meint trúnaðarbrot, sem virðist vera aðalástæða stjórnarslitanna, verður ekki séð, að slíku sé fyrir að fara. Auk ofangreinds, eru þessi dóms- og refsimál einka- og trúnaðarmál. Ber stjórnvöldum að fara með þau skv. því.

Ekki verður heldur séð, að forsætisráðherra beri sérstaklega að tíunda gjörðir ættmenna sinna gagnvart samráðherrum, frekar en að þeir upplýsi um sín fjölskyldumál innan ríkisstjórnar.

Formaður Bjartrar framtíðar virðist vænn maður, velviljaður og yfirvegaður. Verður gönuhlaup hans og meðreiðarsveina og -meyja hans í þessu stjórnarslitamáli því ekki skýrt nema með augnabliks hugaræsingi og skammhlaupi í dómgreind.

Það virðist sem sagt vera, að engin þúfa geti líka velt stóru hlassi.

# Subbuskapur?



**Úrsúla Jünemann**
kennari á eftirlaunum

Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúi D- listans, fer mikinn í grein sinni þann 6. september í Fréttablaðinu. Þar vill hún meina að í Reykjavík ríki subbuskapur og borginni sé illa sinnt. Auðvitað mætti margt bæta í viðhaldi og skipulagi. En þetta er ekki svo einfalt.

Reykjavík hefur undanfarið sopið seyðið af sífjölgandi ferðamannastraumi. Með þessu fylgir gullgrafaraæði. Menn vilja græða sem mest á stuttum tíma. Gömul hús víkja fyrir hótelum og gistihúsum – og oft á óhentugum stöðum. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki haft hemil á því að fjársterk íbúðaleigufélög gátu keypt megnið af fasteignum í miðbænum. Airbnb blómstrar eins og aldrei fyrr þannig að framboð á íbúðarhúsnæði miðsvæðis minnkar stöðugt.

Þegar hlutfall þeirra sem búa allan ársins hring í miðbænum minnkar svo ört er ekki skrítið að bæjarbragurinn verði öðruvísi. Margir koma í miðbæinn þar sem fjörið er og vilja skemmta sér. Því fylgir því miður subbuskapur og er miður fyrir fólk sem þarf að vakna snemma næsta dag.

Önnur sveitarfélög eins og Garðabær, Seltjarnarnes og Mosfellsbær eiga ekki við þann vanda að

**Þegar hlutfall þeirra sem búa allan ársins hring í miðbænum minnkar svo ört er ekki skrýtið að bæjarbragurinn verði öðruvísi. Margir koma í miðbæinn þar sem fjörið er og vilja skemmta sér. Því fylgir því miður subbuskapur og er miður fyrir fólk sem þarf að vakna snemma næsta dag.**

stríða. Þau eru eiginlega eins konar svefnbæir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft tögl og hagldir í langan tíma þarna. Þar býr að mestu leyti efnað fólk sem kann vel við sig í sínu húsnæði og við sitt kjör. Framboð á félagslegum íbúðum eða litlu húsnæði á viðráðanlegum kjörum er lítið enda efnalítið fólk frekar óvelkomið. Í Reykjavík er hins vegar mesta framboð á húsnæði til þeirra sem minnst mega sín, þó að það sé alls ekki nóg.

Ef menn ætla að kippa sér upp við það að grasið sé ekki slegið nógu oft eða að sumstaðar birtist óæskilegur gróður (illgresi er ljótt orð) þá mætti nú snúa sér að öðru og mikilvægara.

Í Reykjavík þar sem hlutfallslega miklu fleiri búa sem eiga erfitt er ekki skrítið að viðhorfskannanir verði frekar neikvæðar. Þetta veit hún Áslaug auðvitað. En stutt er í næstu sveitarstjórnarkosningar.





Tveggja ára ábyrgð og þjónusta fylgir.

Þú situr hátt og sérð vel fram á veginn í Mercedes-Benz B-Class. Hann er hlaðinn öryggis- og staðalbúnaði eins og hita í sætum og árekstrarvara. Nánari upplýsingar á notadir.is.

B-Class, árgerð 2013
Verð frá 2.790.000 kr.

Mercedes-Benz

Askja notaðir bílar
Kletthháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · notadir.is
Viðurkenndur endursöluaðili Mercedes-Benz á Íslandi
Opnunartímar
Virka daga 10–18, laugardaga 12–16
Þú finnur „Askja notaðir bílar“ á Facebook

## Nýjast

**Evrópukeppni í körfubolta**

**KR - Belfius 67-88**
Þetta var fyrri leikur liðanna í FIBA Europe League en síðari leikurinn fer fram ytra eftir viku.

**Olís-deild kvenna**

**Grótta - Haukar 20-23**
**Grótta**: Lovísa Thompson 7, Unnur Ómarsdóttir 4, Guðrún Þorláksdóttir 4, Kristjana Björk Steinarsdóttir 3.
**Haukar**: Guðrún Erla Bjarnadóttir 4, Sigrún Jóhannsdóttir 3, Erla Eiríksdóttir 3, Maria Pereira 3, Vilborg Pétursdóttir 3.

**Fjölnir - Selfoss 17-17**
**Fjölnir**: Andrea Jacobsen 5, Berglind Benediktsdóttir 3, Helena Kristjánsdóttir 2.
**Selfoss**: Harpa Brynjarsdóttir 6, Perla Ruth Albertsdóttir 5, Kristrún Steinþórsd. 2.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.25 | Hamburg - Dortm. | Sport 5 |
| 18.40 | Arsenal - Doncaster | Sport 2 |
| 18.40 | Chelsea - N. Forest | Sport 3 |
| 18.55 | Man. Utd - Burton | Sport |
| 18.55 | WBA - Man. City | Sport 2 |
| 19.50 | Real Madrid - Betis | Sport 6 |

# KR í erfiðum málum eftir stórt tap á heimavelli í Evrópuleik



**Sögulegur leikur** Íslenskt körfuboltalið tók í gær í fyrsta skipti þátt í Evrópukeppni frá árinu 2008. KR tók þá á móti belgíska liðinu Belfius en þetta var fyrri leikur liðanna. KR á erfitt verkefni fyrir höndum eftir tap í kvöld. Hér að ofan má sjá Jón Arnór Stefánsson í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

MATSEÐILL

FORDRYKKUR
Faustino Cava Brut
*
Hrefnu-tataki
með sveppa „dashi“

Yuso maríneruð hörpuskel

Hægeldaður kalkúnn
á smjörbrauði

VÍN
Morande Pionero
Sauvignon Blanc
*
Léttelduð og sítrusgrafin
bleikja, reyktur humar og sellerírótarremúlaði, ásamt sítrónblóðbergsolíu og sellerírótarseyði

VÍN
Paul Jaboulet Condrieu
Les Cassines
*
Lamba-sirloin og jarðskokkar
með höfrum og lambasoðgljáa

VÍN
Gnarly Head Authentis Blend
*
Bláberjafyllt skyrmús
með hvítsúkkulaði, blóðbergi
og mysukarmellu

VÍN
Las Moras Late
Harvest Viognier
*
MEÐ KAFFINU
Luxardo Limoncello




Kokkur ársins 2017
og kokkalandsliðsveisla

Kokkur ársins 2017 verður krýndur í Hörpu 23. september næstkomandi. Frábær stemning var í húsinu í fyrra þegar Denis Grbic hlaut titilinn eftirsóknarverða. Kokkalandsliðið mun leika við hvern sinn fingur og töfra fram fjögurra rétta matseðil ásamt vel völdum drykkjum.

Fordrykkur hefst kl. 18:00 í Flóa á jarðhæð Hörpu
Borðhald hefst svo kl. 19:00 þar sem Gummi Ben
og landsliðið munu sjá til þess að stemningin,
gleðin og maturinn verða yfirþyrmandi.

Kl. 23:00 verður svo Kokkur ársins 2017 krýndur.
Að lokinni verðlaunaafhendingu mun tónlistarmaðurinn
Eyþór Ingi halda uppi fjörinu eitthvað fram á nóttina.
Borðapantanir á netfangið andres@garri.is

Takmarkað sætaframboð, – fyrstur kemur, fyrstur fær!
Miðaverð 21.900 kr.

Húsið er opið öllum sem vilja koma og fylgjast með færustu kokkum landsins frá kl. 13:00–18:00. Eftir það er einungis opið fyrir veislugesti, tryggið ykkur því miða í tíma.

Í samvinnu við IKEA nettó

# Núna er ég helmingi betri

**Bjarki Þór Pálsson mætir aftur í búrið í október. Hann stefnir á sigur og vonar að hann opni sér nýjar dyr. Bjarki keppir ekki lengur fyrir Mjölni.**

**MMA** Hinn 7. október næstkomandi mætir Bjarki Þór Pálsson hinum breska Quamer „Machida“ Hussein í fjórða bardaga sínum sem atvinnumaður í MMA. Hussein hefur unnið sex bardaga sem atvinnumaður og tapað tveimur. Bardagi þeirra Bjarka verður aðalbardagi FightStar Championship 12 sem fer fram í London. Að minnsta kosti þrír aðrir Íslendingar keppa á bardagakvöldinu en ef allt gengur eftir verða þeir sjö.

Bjarki átti góðu gengi að fagna sem áhugamaður þar sem hann vann 11 af 12 bardögum sínum. Undanfarin tvö ár hefur Bjarki keppt sem atvinnumaður og unnið alla þrjá bardaga sína sem slíkur. Tveir þeir síðustu, sem voru gegn Bretanum Alan Proctor, voru báðir í veltivigt. Bjarki hefur hins vegar ákveðið að færa sig aftur niður í léttvigt.

### Sniðugt að fara aftur niður

„Ég fór upp um flokk í síðustu tveimur bardögum. Ég er 77 kg ef ég er í góðu formi. Mér fannst sniðugt að fara aftur niður og sjá hvað ég get gert þar,“ sagði Bjarki í samtali við íþróttadeild. Hann barðist síðast í lok apríl og segist hafa bætt sig mikið síðan þá.

„Ég keppti ekki í sumar en hélt áfram að bæta mig og æfa. Núna er ég helmingi betri,“ sagði Bjarki.

Eins og áður sagði er Bjarki ósigraður sem atvinnumaður. En hvað myndi sigur á Hussein gera fyrir hann?

„Þá fara stóru samtökin að opna augun fyrir mér. Ég vona að það gerist. Annars ætla ég að taka bardaga strax aftur hjá þessum samtökum 9. desember. Við sjáum hvað gerist,“ sagði Bjarki.

Fyrir um tveimur mánuðum sögðu Bjarki og fleiri íslenskir bardagamenn skilið við Mjölni en þeir hyggjast stofna nýtt bardagafélag í Reykjavík á næstunni.

### Draumur að rætast

„Okkur langar að gera okkar eigið. Mig hefur alltaf dreymt um að opna minn eigin æfingasal og við ætlum að kýla á það. Það verður bara meiri gróska í MMA á Íslandi,“ sagði Bjarki sem segir að viðskilnaðurinn við Mjölni hafi verið í góðu.

ingvithor@365.is



**Bjarki Þór stefnir hátt í MMA-heiminum.** MYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. september 2017

34. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









## Samrunahrina eftir að hafa spennt bogann of hátt

Fyrirtæki í ferðaþjónustu bregðast við breyttu rekstrarumhverfi með hagræðingu og sameiningum. Meiri samþjöppun í kortunum. Erlendir fjárfestar áhugasamir. Framlegð flestra fyrirtækja fer versnandi. 6-7



»2

### Kosningar fresta skráningu Arion banka

Útboð og skráning bankans verður í fyrsta lagi í byrjun næsta árs. Ekkert samkomulag um endurskoðun á forkaupsrétti ríkisins. Þingmaður Framsóknar segir starfsstjórn ekki geta tekið neina slíka ákvörðun.

»4

### Meðallaun standa í stað en arðgreiðslur hækka

Arð- og kaupaukagreiðslur til starfsmanna smærri fjármálafyrirtækja hækkuðu talsvert 2016. Meðallaun stóðu í stað og námu um 1.265 þúsundum. Kvika greiðir hæstu launin, Arctica Finance þau lægstu.

»8

### Myndi kosta ríkissjóð 130 milljarða króna

Framkvæmdastjóri SA segir að tillögur um að persónuafsláttur verði endurskoðaður til samræmis við þróun launavísitölu frá 1990 myndu það þýða ríflega 130 milljarða tekjutap fyrir ríkissjóð. Um 74 prósent færi til þeirra tekjuhærri.




# Erlendir fjárfestar eiga rúmlega fimmtung af skráðum bréfum

Bein hlutabréfaeign erlendra fjárfesta í skráðum félögum hér á landi nam um 216 milljörðum króna, eða rúmlega fimmtungi af heildarmarkaðsvirði fyrirtækja í Kauphöllinni, í byrjun mánaðarins. Hækkaði hlutfallið um þrjú prósentustig í sumar og fór úr 18 prósentum í 21 prósent, að því er fram kemur í gögnum sem Kauphöllin tók saman fyrir Fréttablaðið.

Á sama tíma fór hlutafjáreign verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hlutfallslega lækkandi. Slíkir sjóðir áttu um 7,8 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa í september, samanlagt um 80,3 milljarða króna, borið saman við 9,8 prósent í maí síðastliðnum. Dróst hlutdeild sjóðanna þannig saman um rúmlega fimmtung á þremur mánuðum. Hefur hún ekki verið lægri í fimm ár, en mest nam hún 12 prósentum árið 2015.

Bein hlutabréfaeign íslenskra heimila í skráðum félögum breyttist lítið í sumar og nemur enn um fjórum prósentum af heildarmarkaðsvirði félaganna eða sem nemur 41 milljarði króna. Eins og Fréttablaðið greindi frá í júní hefur hlutfallið ekki verið lægra í að minnsta kosti fimmtán ár, en á árunum fyrir fall fjármálakerfisins átti almenningur að jafnaði á bilinu samanlagt um 12 til 17 prósent af markaðsvirði skráðra hlutabréfa.

**19%**

**er bein hlutabréfaeign einkafjárfesta í gegnum eignarhaldsfélög sem hlutfall af markaðsvirði skráðra félaga**

Eins og áður sagði hefur hlutafjáreign erlendra fjárfesta farið hlutfallslega hækkandi undanfarna mánuði og eiga þeir orðið meira en fimmtung af skráðum bréfum. Hlutfallið var hvað hæst árið 2007 eða tæplega 39 prósent, samkvæmt upplýsingum Kauphallarinnar.

Íslenskir lífeyrissjóðir áttu í september 39 prósent allra skráðra hlutabréfa í Kauphöllinni og hefur hlutfallið staðið nokkuð í stað undanfarin tvö ár. Sem kunnugt er jókst hlutdeild lífeyrissjóðanna verulega á árunum eftir bankaáfallið haustið 2008 en sem dæmi var hlutabréfaeign sjóðanna um 8,5 prósent af öllum skráðum bréfum árið 2009.

Hlutabréfaeign einkafjárfesta í gegnum eignarhaldsfélög nemur rúmlega 19 prósentum af markaðsvirði skráðra fyrirtækja og hefur lítillega dregist saman undanfarna mánuði. – **kij**

# Helgafell hagnast um 1.130 milljónir

Helgafell eignarhaldsfélag, sem er í jafnri eigu Bjargar Fenger, Ara Fenger og Kristínar Vermundsdóttur, hagnaðist um 1.134 milljónir króna í fyrra og jókst hagnaðurinn um liðlega 670 milljónir á milli ára. Eigið fé Helgafells nam ríflega 4,2 milljörðum króna í árslok 2016 en stjórn fjárfestingafélagsins leggur ekki til að greiddur verði arður til hluthafa á árinu 2017.

Afkoma félagsins af verðbréfaeign í eigu samstæðunnar var jákvæð um samtals 1.152 milljónir á síðasta ári. Á meðal helstu eigna í verðbréfasafni Helgafells er 2,6 prósenta hlutur í olíufélaginu N1 og 6,64 prósenta hlutur í tryggingafélaginu TM.

**» Á meðal verðbréfaeigna er 2,6 prósenta hlutur í N1 og 6,64 prósenta hlutur í TM.**

Sá sem stýrir fjárfestingum Helgafells er Jón Sigurðsson, fjárfestir og fyrrverandi forstjóri FL Group, en hann er eiginmaður Bjargar Fenger. Jón á meðal annars sæti í stjórn N1. Félög í eigu Helgafells hafa á þessu ári meðal annars komið að kaupum á ríflega helmingshlut í Stoðum, sem á 8,87 prósenta hlut í evrópska drykkjarvöruframleiðandanum Refresco Garber, og að Gámaþjónustunni. – **hae**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

# Pólitísk óvissa frestar skráningu Arion

**Útboð og skráning á Arion banka verður í fyrsta lagi í byrjun næsta árs. Ekkert samkomulag um endurskoðun á forkaupsrétti ríkisins. Þingmaður Framsóknarflokksins segir starfsstjórn ekki geta tekið neina slíka ákvörðun.**

Ekkert verður af fyrirhugaðu útboði og skráningu Arion banka síðar á þessu ári. Slík áform hafa verið sett til hliðar vegna stjórnarslita og boðaðra kosninga til Alþingis í lok næsta mánaðar. Stefnir Kaupþing, sem á 58 prósenta hlut í bankanum, nú að því að losa um hlut sinn í bankanum í gegnum opið hlutafjárútboð á fyrsta fjórðungi næsta árs, samkvæmt heimildum Markaðarins, þegar ný ríkisstjórn ætti að hafa tekið til starfa eftir kosningar.

Á meðal þess sem hefur staðið í vegi fyrir því að hægt yrði að ráðast í skráningu Arion banka er sá möguleiki að stjórnvöld muni mögulega nýta sér forkaupsrétt sinn að hlut í bankanum ef hann yrði seldur á genginu 0,8 eða lægra miðað við eigið fé. Fulltrúar Kaupþings hafa í þessum mánuði, samkvæmt heimildum Markaðarins, átt fjölmarga fundi með leiðtogum ríkisstjórnarinnar og embættismönnum í Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytinu í því skyni að ná samkomulagi um endurskoðun ákvæðisins um forkaupsrétt ríkisins. Sú vinna var hins vegar ekki langt á veg komin.

Samkvæmt þeim stöðugleikaskilyrðum sem kröfuhafar Kaupþings samþykktu haustið 2015 er gert ráð fyrir því að forkaupsréttur ríkisins sé endurskoðaður við opið hlutafjárútboð. Að öðrum kosti er enda talið að forkaupsrétturinn sem slíkur myndi valda óvissu og aftra fjárfestum frá þátttöku í útboðinu og þar með koma í veg fyrir að raunverulegt markaðsverð á bankanum yrði leitt fram. Kaupþing hyggst að óbreyttu ekki leita eftir því að ná samkomulagi við stjórnvöld um forkaupsréttinn í ljósi þess að ríkisstjórnin er fallin og starfsstjórn hefur tekið við.

**Það er útilokað að stjórnvöld geti fallið frá forkaupsrétti sínum að Arion banka við þá pólitísku óvissu sem nú er uppi**

Lilja Alfreðsdóttir



Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, segir í samtali við Markaðinn að hún hafi farið þess á leit við Óla Björn Kárason, formann efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að sú starfsstjórn sem mun sitja fram að komandi kosningum taki ekki neina ákvörðun um endurskoðun á ákvæðinu um forkaupsrétt ríkisins að Arion banka. „Það er útilokað að stjórnvöld geti fallið frá forkaupsrétti sínum að Arion banka við þá pólitísku óvissu sem nú er uppi,“ útskýrir Lilja, en hún á einnig sæti í efnahags- og viðskiptanefnd.

Auk þess að ná samkomulagi við stjórnvöld um endurskoðun forkaupsréttarins hefur Kaupþing einnig beðið eftir því að Fjármálaeftirlitið (FME) myndi ljúka mati sínu á hæfi vogunarsjóðanna Attestor Capital og Taconic Capital, sem hvor um sig eignuðust 9,99 prósenta hlut í Arion banka fyrr á árinu, um að mega fara með virkan eignarhlut í bankanum. FME komst að þeirri niðurstöðu síðastliðinn föstudag að Attestor væri heimilt að eiga beint og óbeint samanlagt meira en tíu prósenta hlut í bankanum, líkt og Markaðurinn hafði upplýst um tveimur dögum áður að yrði niðurstaða eftirlitsins. Gert er ráð fyrir að FME tilkynni um slíkt hið sama í tilfelli Taconic í þessari viku.

Samhliða því að vogunarsjóðirnir eru metnir hæfir eigendur að bankanum fá þeir í kjölfarið atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína. Þegar sjóðirnir þrír – Taconic, Attestor og Och-Ziff – og Goldman Sachs keyptu 29 prósenta hlut í Arion banka af Kaupþingi fyrir um 49 milljarða þá féllust sjóðirnir á að hlutum þeirra myndi ekki fylgja atkvæðisréttur þar til þeir yrðu metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut eða að bankinn yrði skráður á markað.

Þá hefur FME einnig til skoðunar hæfi Kaupþings til að fara beint með virkan eignarhlut í Arion banka en frá 2010 hefur það verið í gegnum dótturfélagið Kaupskil. Það fyrirkomulag verður brátt fellt niður og því er nauðsynlegt fyrir Kaupþing að fá samþykki FME til fara með meira en tíu prósenta hlut í bankanum. Að öðrum kosti þyrfti eignarhaldsfélagið að losa um að lágmarki um 48 prósenta hlut í Arion banka í fyrirhuguðu útboði. Það er talsvert meira hlutur en áformað er að selja í fyrsta kasti.

**hordur@frettabladid.is**




Stórsýningin
Verk og vit
2018
Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð
Laugardalshöll 8.-11. mars
Skráning er hafin
SAMSTARFSAÐILAR
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
SI
BYKO
Skráning og nánari upplýsingar á:
www.verkogvit.is
H2 hönnun


EFTIR ÞÍNU SNIÐI
Styrkleiki okkar er sérsniðnar fyrirtækjalausnir sem henta þér og þínum.
Hvort sem þig vantar bíl í langtímaleigu eða til skemmri tíma
sérhönnum við okkar þjónustu eftir þínum þörfum.
Við finnum bestu lausnina.
avis.is – avis@avis.is
591 4000
AVIS®
Bílaleiga

# Launin óbreytt en arðgreiðslur hækka

**Arð- og kaupaukagreiðslur til starfsmanna smærri fjármálafyrirtækja hækkuðu umtalsvert á síðasta ári. Meðallaun starfsmanna stóðu nokkurn veginn í stað milli ára og námu um 1.265 þúsundum króna á mánuði. Kvika greiddi hæstu launin en Arctica þau lægstu.**

Meðallaun starfsmanna smærri fjármálafyrirtækja landsins stóðu nokkurn veginn í stað á milli áranna 2015 og 2016 en hins vegar hækkuðu arð- og kaupaukagreiðslur til starfsmannanna umtalsvert á milli ára.

Starfsmenn í fyrirtækjunum Arctica Finance, Fossum mörkuðum, GAMMA, Íslenskum verðbréfum, Kviku og Virðingu fengu almennt að meðaltali á bilinu 780 þúsund til 1.610 þúsund krónur í laun á mánuði í fyrra. Hæstu launin voru greidd af Kviku, en meðalmánaðarlaun starfsmanna bankans námu liðlega 1.610 þúsundum króna á síðasta ári. Lækkuðu þau um 100 þúsund krónur á milli ára. Til viðbótar greiddi bankann ríflega 400 milljónir króna í arð til hluthafa í B-flokki, sem eru fyrst og fremst lykilstarfsmenn bankans, en mikill meirihluti arðgreiðslnanna rann til framkvæmdastjórnar.

Meðallaun starfsmanna fjármálafyrirtækjanna sex, sem athugun Markaðarins nær til, námu um 1.265 þúsundum króna á mánuði í fyrra borið saman við 1.230 þúsund krónur árið 2015.

Upplýsingarnar byggja á ársreikningum fyrirtækjanna um heildarlaun og meðalfjölda starfsmanna á síðasta ári. Launagreiðslurnar taka að jafnaði ekki tillit til mögulegra arð- eða kaupaukagreiðslna sem starfsmenn sumra fyrirtækjanna kunna að hafa fengið í sinn hlut.

Starfsmenn Fossa fengu að meðaltali um 1.325 þúsund krónur í mánaðarlaun í fyrra, en við bætast arðgreiðslur sem hluthafar í B-flokki, sem eru lykilstjórnendur fyrirtækisins, fengu í sinn hlut. Ekki er vitað hverjar þær voru. Fyrirtækið hóf starfsemi í apríl árið 2015.

Starfsmenn GAMMA fengu 1.389 þúsund krónur að meðaltali í laun á mánuði í fyrra og hækkuðu meðallaunin lítillega, eða um 40 þúsund krónur, á milli ára. Hins vegar snarhækkuðu arðgreiðslur fyrirtækisins til hluthafa á milli ára. Alls námu þær 300 milljónum króna í fyrra borið saman við 100 milljónir árið 2015. Stærstu hluthafar GAMMA eru þeir Gísli Hauksson stjórnarformaður og Agnar Tómas Möller, framkvæmdastjóri sjóða, en þeir eiga hvor um sig 30,97 prósenta hlut.

Fyrirtækið hefur vaxið hröðum skrefum umliðin ár, en eignir í stýringu voru um 115 milljarðar króna í lok síðasta ár. Var starfsmannafjöldinn að meðaltali 21 á árinu.




Ármann Þorvaldsson, forstjóri Kviku. Af smærri fjármálafyrirtækjum landsins voru hæstu launin í fyrra greidd af bankanum, en meðallaun starfsmanna námu um 1.613 þúsundum króna á mánuði. Til viðbótar greiddi Kvika ríflega 400 milljónir króna í arð, fyrst og fremst til lykilstarfsmanna bankans. MYND/KVIKA

### Lægstu launin hjá Arctica

Athygli vekur að lægstu launin í fyrra voru greidd af Arctica Finance, en meðalmánaðarlaun starfsmanna fyrirtækisins voru tæplega 780 þúsund krónur borið saman við 912 þúsund krónur árið 2015. Hins vegar ber að hafa í huga að fyrirtækið greiðir arð til starfsmanna sinna, sem eru jafnframt hluthafar, en ekki kemur fram í ársreikningi Arctica hver arðurinn var í fyrra. Hlutafé fyrirtækisins skiptist í fjóra flokka, A-, B-, C- og D-flokk, og er misjafnt eftir starfsmönnum til hvaða flokks þeir teljast og hve mikinn arð þeir fá í sinn hlut. Hagnaður Arctica Finance nam tæplega 500 milljónum í fyrra og jókst um meira en 300 milljónir frá árinu 2015.

**» Meðallaun starfsmanna í smærri fjármálafyrirtækjum var um 1.265 þúsund krónur á mánuði á síðasta ári.**

Starfsmenn Íslenskra verðbréfa fengu að meðaltali 1.230 þúsund krónur í mánaðarlaun í fyrra, en meðallaunin voru 1.137 þúsund krónur árið áður. Fyrirtækið greiddi 70 milljónir króna í arð til hluthafa á síðasta ári, en hluthafarnir eru einkum lífeyrissjóðir og fagfjárfestar, en ekki starfsmenn. Ekkert kaupaukakerfi er fyrir hendi fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

Þá fengu starfsmenn Virðingar 1.254 þúsund krónur að meðaltali í mánaðarlaun í fyrra samanborið við 1.041 þúsund krónur árið 2015. Fyrirtækið gjaldfærði 98,6 milljónir króna á síðasta ári vegna kaupaukakerfis starfsmanna, sem er að öllu leyti byggt upp eftir forskrift Fjármálaeftirlitsins, og er sú fjárhæð innifalin í ofangreindum meðallaunum.

### Yfir meðallaunum

Mörg smærri fjármálafyrirtæki hafa á undanförnum árum leitað leiða til þess að hagræða í rekstri með sameiningum við önnur fyrirtæki. Þannig sameinuðust MP banki og Straumur fjárfestingarbanki undir nafni Kviku um mitt ár 2015 og þá hefur Kvika keypt allt hlutafé í Virðingu. Sameinað félag Kviku og Virðingar verður eitt umsvifamesta fyrirtæki landsins á eignastýringarmarkaði með um 280 milljarða króna í stýringu.

Launakjör starfsmanna fjármálafyrirtækjanna sex, sem athugun Markaðarins tekur til, eru töluvert betri en meðallaun starfsfólks í fjármálageiranum almennt. Í nýjustu launakönnun Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, sem var gerð í febrúar á síðasta ári, kom fram að meðaltal heildarlauna félagsmanna samtakanna í fullu starfi hafi verið 692 þúsund krónur á mánuði. Höfðu launin þá hækkað um 18 prósent frá því að síðasta könnun var gerð árið 2013. **kristinningi@frettabladid.is**

### Meðalmánaðarlaun starfsmanna á árinu 2016

**Arctica Finance** 778 þúsund

**Fossar markaðir** 1.325 þúsund

**GAMMA** 1.389 þúsund

**Íslensk verðbréf** 1.230 þúsund

**Kvika** 1.613 þúsund

**Virðing** 1.254 þúsund

## Söluferli Lyfju skýrist á næstu vikum

Stjórn Lindarhvols, eignarhaldsfélags sem heldur utan um stöðugleikaeignir sem voru framseldar til ríkisins, mun á næstu vikum ákveða hvort aftur verði boðað til opins söluferlis á lyfjakeðjunni Lyfju. Sem kunnugt er ógilti Samkeppniseftirlitið í sumar kaup smásölurisans Haga á lyfjakeðjunni, sem er að fullu í eigu ríkisins.

Í greinargerð um starfsemi Lindarhvols, sem fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi Alþingi í gær, kemur fram að stjórn félagsins velti nú fyrir sér næstu skrefum í málinu. Hagar áttu langhæsta tilboðið í Lyfju, en það hljóðaði upp á 6,7 milljarða króna.

Fram kemur í greinargerðinni að það sé mat Lindarhvols að ekki sé heppilegt að setja önnur óskráð hlutabréf, sem eru í umsýslu félagsins, í söluferli að svo stöddu.




**Stefnt er að því að slíta Lindarhvoli á fyrri hluta næsta árs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ástæðan sé sú að slík sala „muni ekki verða til þess að hámarka verðmæti viðkomandi hlutabréfa, meðal annars vegna eðlis eignanna og annarra þátta sem snúa sérstaklega að einstökum eignum í þessum eignaflokki“.

Á meðal óskráðra hlutabréfaeigna félagsins er tíu prósenta hlutur í fjárfestingafélaginu Eyri Invest sem er jafnframt stærsti einstaki hluthafi Marels með 25,9 prósenta hlut. Auk þess á Lindarhvoll hlut í fagfjárfestingasjóðunum Auði I, DOHOP og Norðurturninum við Smáralind, svo eitthvað sé nefnt.

Í greinargerðinni er auk þess tekið fram að áfram verði stefnt að því að ljúka við úrvinnslu og sölu eigna félagsins eins fljótt og auðið er. Ekki sé óvarlegt að áætla að unnt verði að slíta starfsemi Lindarhvols á fyrri hluta næsta árs. **– kij**

## Félag Bjarna tapaði 50 milljónum í fyrra

Fjárfestingarfélagið Sjávarsýn ehf., sem er í eigu Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Glitnis banka, tapaði ríflega 50 milljónum króna í fyrra. Þetta er annað árið í röð sem tap er á starfsemi félagsins en á árinu 2015 nam tapið um 333 milljónum króna.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Sjávarsýnar var hrein ávöxtun verðbréfa í eigu félagsins neikvæð um 253 milljónir króna en hins vegar fékk félagið greiddan arð að fjárhæð samtals um 355 milljónir. Eignir Sjávarsýnar námu liðlega 3.470 milljónum í árslok 2016, þar sem mestu munaði um eignarhluti í öðrum félögum og skuldabréf og aðrar langtímakröfur, en heildarskuldir voru um 1.243 milljónir. Eigið félagsins er því liðlega 2.230 milljónir króna.



**Bjarni Ármannsson.**

Sjávarsýn heldur utan um fjárfestingar Bjarna í ýmsum fyrirtækjum. Þannig er félagið eigandi að útivistarverslunni Ellingsen, fyrirtækinu Ísmar sem rekur verslun í Síðumúla, skórisanum S4S, sem á meðal annars Steinar Waage, Ecco, Skór.is og Kaupfélagið, auk þess að eiga hlut í olíuleitarfyrirtækinu Fáfni Offshore. Sjávarsýn átti einnig um fjórðungshlut í Eddu útgáfu en seldi allan hlut sinn í félaginu í fyrra. **– hae**


theater mogul
kynnir
SÖLUHÆSTU LEIKSÝNINGU Á ÍSLANDI FRÁ UPPHAFI
OLIVIER AWARDS WINNER
"Best Entertainment"
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
"Eitt allsherjar grínundur"
The New York Times
"Hellisbúinn er fáránlega fyndinn"
VARIETY
"ÓHÆTT ER AÐ MÆLA MEÐ HELLISBÚANUM FYRIR JAFNT KARLA SEM KONUR"
-BAGGALÚTUR
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
MIÐASALA Á MIÐI.IS

# Hagræða í rekstri og horfa til sameininga

**Æ fleiri fyrirtæki í ferðaþjónustu leita nú allra leiða til þess að hagræða í rekstri og sameinast öðrum fyrirtækjum. Breytt rekstrarumhverfi ógnar afkomu margra ferðaþjónustufyrirtækja. Einyrkjastarfsemi í atvinnugreininni er ekki lengur sjálfbær. Mörg fyrirtæki hafa spennt bogann of hátt á umliðnum árum og þurfa nú að súpa seyðið af því. Fá fyrirtæki hafa kosið að skuldsetja sig í erlendri mynt.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is





**Ferðamönnum hefur kannski ekki fækkað, en þeir eru farnir að eyða minna og dvelja skemur. Og þá er ekki óeðlilegt að við taki ákveðið tímabil þar sem fyrirtækin reyna að hagræða.**

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands

**Mörg fyrirtæki eru tiltölulega skuldsett og hafa á sama tíma þurft að takast á við miklar launahækkanir og gengisstyrkingu.**

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

**Mesta ógnin við rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu er hins vegar græðgi hins opinbera.**

Jón Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri Arctic Adventures

Ferðaþjónustan stendur um margt á tímamótum um þessar mundir. Fyrirséð er að mörg ferðaþjónustufyrirtæki verði að bregðast við erfiðu rekstrarumhverfi með hagræðingu í rekstri og sameiningum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eftir fordæmalausan vöxt á umliðnum árum er fyrirséð að fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa nú að bregðast við breyttu og erfiðara rekstrarumhverfi. Hægari vöxtur í komum ferðamanna, miklar launahækkanir, sterkt gengi íslensku krónunnar og boðaðar skattahækkanir ógna afkomu margra ferðaþjónustufyrirtækja, ekki síst minni fyrirtækja á landsbyggðinni, og valda því að æ fleiri fyrirtæki leita nú allra leiða til þess að hagræða í rekstri og sameinast öðrum fyrirtækjum.

Mörg ferðaþjónustufyrirtæki horfa nú til erlendra fjárfesta til þess að fá aukið fjármagn til að takast á við mikinn vöxt ferðaþjónustunnar. Þá benda áætlanir Samtaka ferðaþjónustunnar til þess að framlegð fyrirtækja í öllum tegundum ferðaþjónustu hafi versnað í fyrra.

„Ég gæti vel trúað því að það verði meira um sameiningar á næstunni. Það kæmi ekki á óvart,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Eitt af því sem fyrirtækin gera til þess að bregðast við breyttu umhverfi er að hagræða í rekstri og skoða mögulegar sameiningar,“ nefnir hún.

Undir það tekur Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur í greiningardeild Arion banka. „Aukin umsvif ferðaþjónustunnar hafa frekar orðið með fleiri fyrirtækjum, heldur en stærri fyrirtækjum, og því kæmi ekki á óvart ef við ættum eftir að heyra fleiri fregnir af frekari sameiningum,“ segir hann.

Viðmælandi Markaðarins, sem hefur mikla reynslu af rekstri ferðaþjónustufyrirtækja, segir of mörg fyrirtæki starfandi í greininni. Mörg þeirra hafi spennt bogann of hátt og þurfi, nú þegar hægt á vexti ferðaþjónustunnar, að súpa seyðið af því.

„Þegar afkoman dregst svona saman verður reksturinn auðvitað erfiðari og fara fyrirtækin þá eðlilega að leita leiða til að lækka kostnað og gera reksturinn hagkvæmari. Eitt af þeim tólum sem þau hafa er að skoða sameiningar og nýta samlegðaráhrif til að lækka rekstrarkostnað,“ segir Jón Þór Gunnarsson, framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Arctic Adventures.

### Mörg fyrirtæki til sölu

Heimildir Markaðarins herma að eigendur fjölmargra innlendra fyrirtækja í ferðaþjónustu leiti nú eftir því að selja annaðhvort fyrirtækin í heild eða að hluta til erlendra fjárfesta. Fjármálafyrirtæki á borð við GAMMA vinna nú að því að finna erlenda fjárfesta til þess að kaupa hlut í innlendum ferðaþjónustufyrirtækjum.

Viðmælandi Markaðarins, sem þekkir vel til mála, segir ástæðuna meðal annars þá að mörg fyrirtæki þurfi nú meira fjármagn til þess að takast á við mikinn vöxt í komum ferðamanna. Dæmigert ferðaþjónustufyrirtæki hafi hingað til verið í ætt við eins konar einyrkjastarfsemi, en slík starfsemi sé ekki lengur sjálfbær. Auk þess hafi Ísland, og þá ekki síst ferðaþjónustan, vakið mikla athygli erlendra fjárfesta sem vilji gjarnan taka þátt í uppbyggingu greinar sem er enn í örum vexti. Í því sambandi má nefna að Blackstone, einn þekktasti fjárfestingasjóður heims, sýndi áhuga á að kaupa 30 prósenta hlut í Bláa lóninu í sumar fyrir rúmlega 11 milljarða króna. Ekkert varð hins vegar af kaupunum.

Hann telur aðkomu erlendra fjárfesta að ferðaþjónustu kærkomna og Íslendingum til bóta. Ef bakslag kæmi einhverra hluta vegna í greinina myndu erlendu fjárfestarnir deila tapinu með okkur.

Mikið hefur borið á sameiningum í ferðaþjónustu, langsamlega stærstu útflutningsgrein landsins, að undanförnu. Sem dæmi var nýverið tilkynnt um kaup Iceland Travel, sem er í eigu Icelandair Group, stærsta ferðaþjónustufyrirtækis landsins, á rútufyrirtækinu Allrahanda GL, sem starfar hér á landi undir merkjum Gray Line. Fyrr í sumar bárust fregnir af kaupum fjárfestingasjóðsins Eldeyjar, sem er í stýringu Íslandssjóðs, og Íslenskra fjallaleiðsögumanna á Arcanum ferðaþjónustu, en áður hafði Eldey keypt hlut í Norðursiglingu á Húsavík og Fontana á Laugarvatni. Annar fjárfestingarsjóður, Horn III, í stýringu Landsbréfa, festi síðasta haust kaup á Hagvögnum og Hópbílum fyrir rúma 2,3 milljarða króna. Einnig má nefna nýleg kaup Arctic Adventures á Extreme Iceland, en bæði félög sérhæfa sig í afþreyingarferðum fyrir ferðamenn. Alls hefur fyrrnefnda félagið keypt átta félög á undanförnum árum.

### Tímamót í ferðaþjónustu

Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir ólíklegt – nú þegar hægist á vexti ferðaþjónustunnar – að fyrirtæki í atvinnugreininni reyni að leita leiða til þess að ná fram frekari hagræðingu, til dæmis með sameiningum. „Það er óskóp eðlilegt í grein sem hefur vaxið eins hratt og ferðaþjónustan. Þegar ferðamönnum fór að fjölga svona gríðarlega fyrir nokkrum árum spruttu upp alls konar fyrirtæki sem reyndu að svara þessari miklu eftirspurn og bregðast við vextinum. Þá var gengi krónunnar auk þess nokkuð lágt.

Núna blasir hins vegar önnur mynd við. Gengi krónunnar hefur hækkað og hægst hefur á vextinum. Ferðamönnum hefur kannski ekki fækkað, en þeir eru farnir að eyða minna og dvelja skemur. Og þá er ekki óeðlilegt að við taki ákveðið tímabil þar sem fyrirtækin reyna að hagræða og skipuleggja reksturinn upp á nýtt. Það tímabil virðist gengið í garð,“ segir hann.

Ferðamenn hafi á undanförnum mánuðum áttað sig á því að Ísland sé orðið dýrt land og brugðist við með því að skipuleggja ferðir sínar með það í huga að reyna að eyða sem minnstu og stytta heimsóknir. Áhrifanna gæti víða, ekki síst í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja.

Konráð segir afkomu innan greinarinnar í ár og í fyrra hafa heilt yfir verið góða. „Ástæðan er fyrst og fremst sú að fjöldi ferðamanna hefur næstum því tvöfaldast á þessum tveimur árum. Fjölgunin hefur að einhverju leyti vegið á móti til að mynda vaxandi launakostnaði og sterkara gengi.“

Samkvæmt nýrri úttekt greiningardeildar Arion banka hefur afkoma innan ferðaþjónustunnar verið góð síðustu ár og betri en í öðrum atvinnugreinum. Samhliða batnandi afkomu hefur fjárhagsstaða ferðaþjónustufyrirtækja batnað. Í úttektinni kemur meðal annars fram að ávöxtun eigin fjár hjá bílaleigum hafi verið yfir fimmtíu prósent árið 2015 og batnað verulega á milli ára. Engu að síður var eiginfjárhlutfall bílaleiga afar lágt eða undir tíu prósentum. Til samanburðar var ávöxtun eigin fjár rétt undir þrjátíu prósentum hjá ferðaþjónustunni í heild og eiginfjárhlutfallið liðlega 25 prósent. Athygli vekur að ávöxtun eigin fjár gististaða versnaði verulega árið 2015 og nam þá rétt rúmlega tíu prósentum, borið saman við um þrjátíu prósent árið 2014.

Konráð segir að blikur séu á lofti. Breyttar aðstæður með sterku gengi, hærri launakostnaði, hægari vexti í fjölda ferðamanna og mögulegum hækkunum á virðisaukaskatti muni reynast mikil áskorun fyrir mörg ferðaþjónustufyrirtæki. Jafnvel sé óvíst hvort sum fyrirtæki, sér í lagi minni gististaðir á landsbyggðinni, geti ráðið við slíkar breytingar.

„Það mun reyna enn þá meira á rekstur ferðaþjónustunnar næstu árin. Afkoman virðist heilt yfir vera í lagi, en helstu áhrifaþættirnir eru hins vegar að þróast til verri vegar

### Versnandi afkoma ferðaþjónustunnar
EBIDTA sem hlutfall af tekjum




### Fyrirtækin skuldsetja sig einkum í krónum



# Fólk
## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 20. SEPTEMBER 2017



**Þórhildur Gísladóttir fetaði í fótspor margra annarra og leitaði sér tannlæknaþjónustu í Póllandi með góðum árangri.**

→5







MYND/AN

# Fatboy

## Skemmtilegar vörur á sanngjörnu verði

Rekkjan tók í byrjun árs við umboði fyrir hið stórskemmtilega merki Fatboy. Áhuginn á vörunum er mikill og vörurnar rjúka út. →2

Framhald af forsíðu ➜

Landinn er afar sólginn í vörurnar frá Fatboy og við höfum varla undan að panta nýjar vörur," segir Steinn Kári Ragnarsson, framkvæmdastjóri Rekkjunnar. Rekkjan er dreifingaraðili Fatboy á Íslandi en margir þekkja hina stóru og litríku grjónapúða frá fyrirtækinu sem hafa verið vinsælir bæði í stofum, unglingaherbergjum og á vinnustöðum. Fatboy Original grjónapúðinn var upphaflega hannaður af Finnanum Jukka Setälä árið 2002. Merkið er þó hollenskt og þekkt fyrir mikil gæði og góða endingu.

„Þótt grjónapúðarnir séu hvað þekktastir frá Fatboy er svo ótal margt annað hægt að fá í þessu merki," segir Steinn Kári og nefnir sem dæmi hina vinsælu Edison lampa sem hægt er að fá í ýmsum stærðum. „Þetta eru batterísknúnir lampar með LED-tækni sem hægt er að hafa bæði inni og úti. Rafhlaðan endist í sólarhring áður en þarf að hlaða hana að nýju." Steinn Kári segir værðarvoðirnar frá Fatboy einnig mjög vinsælar enda séu þær úr gæðabómull og frábærar til að kúra með uppi í sófa.

Headdemock hengirúmin voru afar vinsæl í sumar. „Við seldum þau í hundraða vís. Þetta eru lúxus hengirúm, rúmlega eins manns, ótrúlega þægileg og þurfa hvorki tré eða reipi. Hengirúmið er fest við traustan ramma þannig að allir geta búið til þægilegan stað til að vera á úti í garði, á svölunum eða bara inni í herbergi," segir Steinn Kári og tekur sem dæmi að fjölmörg fyrirtæki hafi komið sér upp slíkum hengirúmum fyrir starfsfólk sitt.



Steinn Kári Ragnarsson, framkvæmdastjóri Rekkjunnar, er mjög ánægður með Fatboy vörurnar sem rjúka út. MYND/ANTON BRINK

> **Fatboy er í raun húsbúnaður fyrir fullorðna unglinga enda eru þetta rosalega skemmtilegar vörur á sanngjörnu verði. Rekkjan náði afar góðum samningum og getur þannig boðið Fatboy vörurnar á sama verði og verið er að selja þær á í Hollandi.**

Einnig má nefna doggielounge, endingargóða grjónapúða fyrir hunda og Lamzac rúmin sem eru fyllt af lofti á nokkrum sekúndum með sérstakri tækni. Nokkuð fer fyrir rúminu þegar það er upp blásið en loftlaust tekur það lítið pláss og hægt er að flytja það með sér í útilegur eða skíðaferðina en frábært er að geta hvílt lúin bein á milli ferða.

„Fatboy er í raun húsbúnaður fyrir fullorðna unglinga enda eru þetta rosalega skemmtilegar vörur á sanngjörnu verði," segir Steinn Kári. Rekkjan náði afar góðum samningum og getur þannig boðið Fatboy vörurnar á sama verði og verið er að selja þær á í Hollandi.

En hverjir kaupa helst vörurnar frá Fatboy? „Það er allur gangur á því. Þær eru mjög vinsælar sem gjafir en svo er líka fullt af fólki sem kaupir þær inn á eigið heimili enda lífga þær sannarlega upp á umhverfið," segir Steinn Kári.

Rekkjan, Ármúla 44, s. 588 1955
Nánari upplýsingar má nálgast á www.rekkjan.is og www.sekkur.is.



Fatboy Original grjónapúðarnir eru þekktasta vara Fatboy.



Vörulína Fatboy er fjölbreytt. Þar má fá allt frá lömpum og teppum til stóla og hundapúða.



Fatboy hengirúmin voru afar vinsæl í sumar en þau má einnig nota innanhúss.




Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM ÞIG**

MARGFALT SKEMMTILEGRI 365.is 365



**JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

**Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:**

**Símanúmer**
**512 5402**

**Netfang**
**serblod@365.is**






**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433


VIÐ SKILUM
STERKRI KRÓNU
OG AFNÁMI
TOLLA TIL ÞÍN
HAGLABYSSUR OG RIFFLAR
Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI
Remington
FRÁ 1816
Benelli
BERETTA
Stoeger
Howa
RIO
SINCE 1896
FUD
TÁLFUGLAR
LEUPOLD
Verið velkomin
TRAUST
FJÖLSKYLDU-
FYRIRTÆKI
FRÁ 1998
Veiðimaðurinn
1940
VEIÐIHORNIÐ
OPIÐ:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
11:00 TIL 15:00
KRÓKHÁLSI 4 • SÍMI 517 8050
Veidimadurinn.is
SÍÐUMÚLA 8 • SÍMI 568 8410
Veidihornid.is
OPIÐ ALLA
DAGA:
VIRKA DAGA
9:00 TIL 18:00
LAUGARDAGA
OG SUNNUDAGA
10:00 TIL 16:00

# Tekur sorpið föstum tökum

**Þóra Margrét Þorgeirsdóttir segir að allir geti gert eitthvað í umhverfismálum. Hún hugsar sig vel um áður en hún kaupir eitthvað inn til heimilisins því það verður að rusli – fyrr eða síðar.**


**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@365.is




Í fyrrahaust ákvað Þóra Margrét Þorgeirsdóttir að leggja sitt af mörkum til umhverfismála með því að minnka heimilissorp og draga úr ferðum í endurvinnsluna. „Ein veigamesta ástæðan fyrir því að við fjölskyldan ákváðum að minnka heimilissorpið er sú að okkur fannst við sjálf þurfa að bera meiri ábyrgð á neyslu okkar og ein leið til þess er að minnka sorp. Endurnýting stendur vissulega fyrir sínu en hún er samt engin töfralausn. Lífsstíll okkar fjölskyldunnar felst í að kaupa minna og endurvinna þar af leiðandi minna án þess þó að skerða lífsgæði okkar,“ segir Þóra, sem er búsett í Sviss.

Þar í landi er löng hefð fyrir endurvinnslu og tekið við lífrænum úrgangi frá heimilum. Aðeins má nota sérstaka poka undir rusl sem ekki fer í endurvinnslu og hver þeirra kostar á bilinu 300-500 krónur. Þóra flokkar allt rusl í þar til gerða kassa og í lok hvers mánaðar vigtar hún ruslið til að mæla hversu mikið sorp fer frá heimilinu. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Í febrúar fór Þóra með 3,3 kíló af plasti í endurvinnslu en í júní sl. aðeins 1,6 kg. Sömu sögu má segja um óendurvinnanlegt sorp en í febrúar fóru tæp 11 kíló í ruslið en aðeins um 2,5 kíló í júní.

## Kaupa minna af varningi

Innt eftir því hvernig best sé að byrja að draga úr sorpi segir Þóra að númer eitt, tvö og þrjú sé að kaupa minna af varningi. „Svo er nauðsynlegt að vera gagnrýninn í öllum innkaupum, kaupa aðeins það nauðsynlegasta sem virkilega vantar á heimilið og sneiða hjá óþarfa smádóti og gerviþörfum. Gott er að hafa í huga að allt sem maður kaupir eða tekur inn á heimilið verður að rusli, fyrr eða síðar,“ minnir hún á.

Þóra segir neytendur alltaf hafa val um hvað þeir kaupi og sjálf segist hún velja sig frá plasti og óþarfa umbúðum. „Ef mig langar t.d. í vínber sem fást aðeins í plastöskju, innflutt frá Indlandi, kaupi ég frekar kíví eða epli eða aðra ávexti sem eru ekki í umbúðum. Mér finnst vert að skoða úr hverju vörurnar eru búnar til og kaupi frekar varning úr umhverfisvænum efnum. Það er hægt að fá leikföng, eldhúsáhöld, klemmur, tannbursta og skurðarbretti úr öðru en plasti.“



„Svo er nauðsynlegt að vera gagnrýninn í öllum innkaupum, kaupa aðeins það nauðsynlegasta sem virkilega vantar á heimilið og sneiða hjá óþarfa smádóti og gerviþörfum,“ segir Þóra.

> **Ef mig langar í vínber sem fást í plastöskju, innflutt frá Indlandi, kaupi ég frekar kíví eða epli sem eru ekki í umbúðum.**

Ein mesta breytingin á innkaupunum er sú að Þóra fer með fjölnota umbúðir í búðina þegar hún kaupir kjöt og fisk og jafnvel þegar hún sækir heimsendan mat. „Fyrst fannst mér það mjög erfitt og hjartað tók nokkur aukaslög en mér finnst það ekkert mál lengur. Ég er líka hætt að drekka Nespresso kaffi en áður fannst mér lífsnauðsynlegt að fá kaffið mitt á 30 sekúndum. Allt í einu bauð samviskan mér ekki upp á það lengur því hver bolli skilur eftir sig einnota plasthylki og ég fór að hugsa um hvort maður eigi að svala öllum sínum þörfum, sama hvað það kostar? Ég tók því fram pressukönnuna og ketilinn og drekk nú kaffið mitt með góðri samvisku.“

## Eldar réttar skammtastærðir

Fjölskyldan er meðvituð um matarsóun og Þóra segist passa að elda réttar skammtastærðir, frysta mat og nota afganga í nesti eða snarl. Þá kaupir hún helst notaðan fatnað og raftæki en með því slær hún þrjár sóunarflugur í einu höggi, eins og hún segir; endurnýtir, sparar umbúðir og peninga.



Þóra tekur alltaf með sér fjölnota poka undir grænmeti og ávexti þegar hún fer í búð.

„Ég ákvað líka að beina viðskiptum mínum frekar til verslana sem bjóða upp á áfyllingu þar sem ég get komið með mitt eigið ílát og fyllt á. Fyrst keypti ég aðeins hveiti og sykur en listinn verður sífellt lengri. Svo nota ég margnota poka í grænmetis- og ávaxtadeildinni. Sumt kaupi ég alls ekki af umhverfisástæðum,“ segir Þóra.

Fjölskyldan stefnir á að flytja heim aftur eftir tvö ár og reiknar Þóra með að halda áfram á þessari braut. „Við ætlum að geyma flokkunardallana inni í bílskúr og fara með þá í Sorpu eða grenndargáma í lok hvers mánaðar svo við getum haldið áfram að fylgjast með umfangi heimilissorpsins og þróun þess. Almenna sorpið, sem er undir eldhúsvaskinum, verður vonandi aldrei meira en einn poki á mánuði. Það verður því óþarfi að vera með fjölda ruslatunna fyrir framan húsið okkar með tilheyrandi sorpgeymslum,“ segir Þóra bjartsýn á framhaldið.

Hægt er að fylgjast með Þóru og fjölskyldu á Facebook, minna sorp; lærdómsferli fjölskyldu og á blogginu www.minnasorp.is



Þurrvara er helst keypt þar sem hægt er að fylla á eigin ílát.



Rusl eftir eitt barnaafmæli.




Verðdæmi: Harðparket eikarplanki12mm kr. 1.990 - $m^2$
Tarkett viðarparket eik 3 stafa kr. 3.590 - $m^2$
Teppi og dúkar 25-70% afsláttur
WC innb. kassi/skál/seta kr. 35.900

ÚTSALA

Þúsundir fermetra af flísum með
20%-70% afslætti

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET...DÚKAR...FLÍSAR...TEPPI...PARKET..

# Ljós & lampar

MIÐVIKUDAGUR 20. SEPTEMBER 2017 Kynningar: Húsasmiðjan Bauhaus Pfaff




Neytendur ættu að vera vakandi gagnvart ódýrum LED-lausnum vegna slakra gæða, sérstaklega þegar kemur að birtustigi og líftíma," segir Egill Bjarnason sölumaður. MYND/VILHELM

# Eitt mesta úrval landsins í Húsasmiðjunni

Lýsingarmarkaðurinn gengur nú í gegnum grundvallarbreytingar um allan heim og tækniþróun og nýjungar hafa aldrei verið hraðari. Notkunarmöguleikar ljósgjafa hafa á sama tíma aldrei verið fjölbreyttari og í dag er ljós nýtt við aðstæður sem ekki voru mögulegar fyrir nokkrum árum. ➔?

**Framhald af forsíðu ➪**

Alls staðar leikur lýsing stórt hlutverk og hefur áhrif á líðan okkar og öryggi. Röng lýsing getur ekki einungis haft slæm áhrif á skapsmuni fólks heldur líka á rafmagnsreikninginn! Á flestum stöðum er hægt að minnka orkunotkun um 40-50% og samt bæta lýsinguna. Það sem skiptir höfuðmáli er að hafa rétta lýsingu, á réttum stað og á réttum tíma,“ segir Egill Björnsson, sölumaður Húsasmiðjunnar í Skútuvogi.

Því er ljóst að ýmislegt þarf að hafa í huga þegar kemur að vali á ljósgjöfum. „Valkostirnir, úrvalið og möguleikarnir hafa aldrei verið meiri og þá skiptir miklu máli að huga vel að þeim gæðum, ábyrgð, verði og ljósgæðum sem krafist er. Þar kemur þekking, reynsla og þjónusta starfsmanna Húsasmiðjunnar til sögunnar.“

## Neytendur séu vakandi

Egill segir mjög mikilvægt að neytendur séu meðvitaðir um þær reglugerðir sem gilda varðandi LED-ljósgjafa. „Á markaðnum í dag má finna töluvert af LED-ljósgjöfum sem uppfylla ekki þau lög og reglugerðir sem í gildi eru. Það getur því reynst erfitt fyrir neytendur að átta sig á því hvort varan sem þeir hyggjast kaupa uppfylli gæðakröfur. Neytendur ættu að vera vakandi gagnvart ódýrum LED-lausnum vegna slakra gæða, sérstaklega þegar kemur að birtustigi og líftíma.“

## Samstarf við Philips

Húsasmiðjan hefur hafið sölu á ljósum og ljósaperum frá hollenska stórfyrirtækinu Philips. Ljósadeildirnar í öllum verslunum Húsasmiðjunnar hafa verið teknar í gegn og endurnýjaðar og úrvalið stóraukið. Verðlagið er einnig mjög hagstætt.

„Við erum mjög spennt fyrir því að vera komin í samstarf við Philips en þeir eru stærsti ljósaframleiðandi í heiminum og leiðandi aðili í nýjungum og tækni á sínum markaði,“ segir Egill.

„Úrvalið, gæðin og verðið sem Philips býður upp á er einstakt og varla til það ljós sem Philips selur ekki. Að auki verður ljósunum reglulega skipt út og nýjustu ljósin alltaf til sölu í verslununum. Við leggjum áherslu á að vera með breitt og gott úrval af ljósum og lömpum, bæði ódýr ljós og dýrari svo allir ættu að finna ljós sem hentar þeirra kröfum,“ segir Egill. Þá bjóði Húsasmiðjan gríðarlegt úrval ljósapera.

## Úrval lýsingalausna

„Húsasmiðjan er einn stærsti seljandi ljósapera á Íslandi og býður gríðarlega mikið úrval af perum og lýsingarlausnum. Í Húsasmiðjunni í Skútuvogi er ein stærsta perudeild landsins þar sem hægt er að finna flestar perur sem notaðar eru á heimilinu í dag,“ segir Egill.

„Philips hefur aldrei boðið upp á eins mikið úrval af LED-perum og nú, sem eru fáanlegar með mismunandi styrkleika, ljóslit, form og sökkla. Nú er hægt að fá LED-perur með klassísku „glóperuútliti“ sem fólk þekkir og man eftir. Þessar nútímalegu perur gefa frá sér mjúka og hlýja birtu og skapa hlýlegt og þægilegt andrúmsloft í hvaða umhverfi sem er,“ útskýrir Egill. Á meðal nýjunga frá Philips eru LED-perur sem kallast WarmGlow. „Þessar perur gefa frá sér einstaklega hlýja, hvíta og mjúka birtu, svipaða þeirri sem hefðbundnar halogen- og glóperur gefa frá sér. Með því að dimma þær er hægt að ná fram enn þá hlýrri og mýkri birtu en áður hefur náðst með LED-perum. WarmGlow perurnar eru fáanlegar í nokkrum útfærslum.“

## LED-perur í glerútliti

Sú breyting hefur einnig orðið á nýjum LED-perum að þær líta alveg eins út og eldri tegundir af halogenperum úr gleri, að sögn Egils. „Hingað til hefur verið nokkur útlitsmunur á þessum perum þar sem LED-perurnar hafa verið með eins konar plastútlit. Þær LED-perur sem nú eru komnar á markað líta hins vegar nær alveg eins út og eldri halogenperur úr gleri. Nú verður því hægt að ná fram allt að 80% orkusparnaði án þess að gera málamiðlun í útliti.“

## Ráðgjafar frá Philips

„Laugardaginn 23. september verða sérfræðingar frá Philips staddir í Húsasmiðjunni í Skútuvogi og veita ráðgjöf um perur og lýsingu. Við hvetjum því alla til að koma og sjá nýtt og betra úrval hjá okkur og fá ráðgjöf sérfræðinga um leið.“



**Mohair ljósið frá Philips er afar vinsælt.** MYND/PHILIPS



**Úrvalið, gæðin og verðið sem Philips býður upp á er einstakt.**



**Húsasmiðjan hefur hafið sölu á ljósum og ljósaperum frá hollenska stórfyrirtækinu Philips.**



**Laugardaginn 23. september verða sérfræðingar frá Philips staddir í Húsasmiðjunni í Skútuvogi.**

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433 | Veffang: Visir.is

# Taktu stjórnina!

**Kynntu þér IKEA ljósastýringu**
Veldu lýsingu fyrir morgnana, aðra fyrir kvöldin og þá þriðju fyrir matreiðsluna eða heimavinnuna. Deyfðu, slökktu, kveiktu og skiptu úr heitri yfir í kalda birtu með fjarstýringunni eða appinu.




**Sæktu TRÅDFRI appið til að stýra ljósunum með símanum þínum**

**11.950,-/4 í setti**

**TRÅDFRI ljósastýringasett**
Inniheldur: Gátt, fjarstýringu og tvær LED perur E27 980 lúmen

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2017

# Einstök ljós frá Danmörku

Facebook-síðan Klassísk dönsk hönnun hefur að geyma notaðar danskar hönnunarvörur frá árunum 1960-1970. Þar er að finna mikið úrval antik-ljósa sem valin eru af kostgæfni.



Vera Einarsdóttir
vera@365.is


Þau Jacob Hillebrandt og Sigrún Baldursdóttir standa að baki Facebook-síðunni Klassísk dönsk hönnun. Jacob er grafískur hönnuður og Sigrún fatahönnuður og hafa þau bæði óbilandi áhuga á alls kyns hönnun. Jacob hefur verið viðriðinn antíkgeirann í Danmörku síðastliðin tíu ár. Það sem heillar hann helst við eldri hönnun er hversu mikið var í hana lagt og að hlutunum fylgi saga. Hann hefur nokkrum sinnum ferðast um Ísland og langaði að koma vörum sínum inn á íslenskan markað. Hann komst í kynni við Sigrúnu, sem er búsett í Danmörku, og ákváðu þau að leiða saman hesta sína.

„Jacob á orðið virkilega flottan lager af vörum og mér þótti spennandi að vita hvort áhugi væri á þeim hjá íslenskum neytendum. Úr varð Facebook-síðan Klassísk dönsk hönnun og hefur henni verið vel tekið,“ segir Sigrún.

Á síðunni er aðallega að finna hönnun frá 1960-1970. „Þetta eru allt vörur eftir þekkta hönnuði sem voru framleiddar í takmörkuðu upplagi á sínum tíma. Við ákváðum að byrja með hengiljós og lampa, en hyggjumst bæta við fleiri hlutum þegar fram líða stundir,“ upplýsir Sigrún. Hún segir Jacob hafa reynslu af því að yfirleitt sé mest eftirspurn eftir notuðum ljósum. „Louis Poulsen PH5 hengiljósið er til dæmis afar klassískt og hefur hingað til verið vinsælast.“

Sigrún segir það koma sér vel að Jacob er þekktur innan antíkgeirans í Danmörku. „Hann fær reglulega símtöl frá fólki sem vill selja úr búinu sínu og sömuleiðis frá eldra fólki sem er að losa sig við búslóðir. Þá fylgjumst við vel með þegar óðalsbýli eru með antíksölur og keyrum vítt og breitt um landið til að nálgast eftirsóttan varning.“

Að sögn Sigrúnar liggur talsverð vinna og grúsk á bak við það að finna réttar vörur enda leggja þau Jacob ríka áherslu á að selja einungis upprunalega hönnun sem er með stimpli eða öðrum einkennum sem sanna það að ekki sé um eftirlíkingu að ræða. „Þá kaupum við aðeins vörur í góðu ásigkomulagi.“ Aðspurð segir hún þau líka fá fyrirspurnir um að leita uppi eitthvað sérstakt og gera þau sitt besta til að uppfylla slíkar óskir.

Meðal ljósa á síðunni er verðlaunaljósið Hekla sem var hannað á Íslandi en framleitt í Danmörku. „Jacob hafði lengi leitað að því enda heillaður af hönnuninni. Hann komst loks í samband við eldri færeyska konu sem býr í Danmörku. Hún hafði erft það eftir foreldra sína og fengið sent til Danmerkur. Hún var að grynnka á búslóðinni og vildi gjarnan láta það frá sér. Okkur þætti frábært ef það myndi eignast heimili á Íslandi.“

Meðal nýjunga á síðunni eru svo styttur eftir Bing & Grøndahl. „Þær finnast gjarnan í hillum hjá ömmum og öfum og eru farnar að verða afar vinsælar í Danmörku á ný,“ upplýsir Sigrún. „Við munum svo halda áfram að koma fólki á óvart með fallegum sérvöldum vörum.“

Áhugasamir geta verið í sambandi í gegnum Facebook eða netfangið kdh.vintage@gmail.com

KLASSISK
DÖNSK HÖNNUN
VINTAGE
RETRO & DESIGN



Jacob og Sigrún hafa bæði óbilandi áhuga á alls kyns hönnun. MYND/VALDIMAR GEIR HALLDÓRSSON


**DIVAN 2**
**Hönnuður: Simon Henningsen, 1960. Framleiðandi: Lyfa**


**KONKYLIE**
**Hönnuður: Louis Weisdorf, 1960. Framleiðandi: Lyfa**


**Meðal nýjunga á síðunni eru styttur eftir Bing & Grøndahl.**


**HEKLA**
**Hönnuður: Pétur B. Lúthersson & Jón Ólafsson, 1962. Framleiðandi: Fog & M¢rup**


**PANTON, FLOWERPOT**
**Hönnuður: Louis Poulsen**


**PENDANT**
**Hönnuður: Bent Karlby fyrir Lyfa**


AMBER loftljós.
Gler, E27, 17x23,5cm.
8.996kr.
52238388
Almennt verð: 11.995kr.
Brilliant
GITTER loftljós.
Svart, E27, 17x25cm.
4.496kr.
52238125
Almennt verð: 5.995kr.
OSRAM LED.
8W, E27, 2700K.
596kr.
54194572
Almennt verð: 795kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 16.október eða á meðan birgðir endast.
LJÓS OG PERUR
25%
AFSLÁTTUR
OSRAM LED snúin kertapera. 2W, E14, 2700K.
1.271kr.
54194704
Almennt verð: 1.695kr.
SILENCE loftljós.
Hvítt, E27, 40cm.
14.996kr.
52269353
Almennt verð: 19.995kr.
STATUS loftljós.
Hvítt/plast, 5xE27, 41cm.
18.746kr.
52266087
Almennt verð: 24.995kr.
DALMA loftljós.
Kopar, E27, 30cm.
5.996kr.
52269347
Almennt verð: 7.995kr.
OSRAM
LED kertapera.
6W, E14, 2400K.
596kr.
54194622
Almennt verð: 796kr.
EMBLA loftljós.
Gler, E27, 25x21cm.
8.995kr.
52238389
Almennt verð: 11.995kr.
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN
www.byko.is



AUD upphengi frá Nordlux sem hægt er að nota á óteljandi vegu með skrautperum sem eru til í miklu úrvali.



Alrun er klassísk hönnun frá Nordlux þar sem sótt er í retro innblástur frá 7. áratug síðustu aldar.



Nobb vintage hönnun frá danska framleiðandum Halotech. Ljósin gefa mjög notalega lýsingu. Þau fást í nokkrum gerðum og litum og kosta 7.995 kr. stykkið.

# Fullt vöruhús af nýjum ljósum

## Í ljósadeild Bauhaus má finna mjög gott úrval ljósa og lampa frá þekktum framleiðendum. Bauhaus skiptir út öllum ljósum tvisvar á ári og nú er vöruhúsið troðfullt af spennandi vörum.

Ljósadeild Bauhaus er ein sú stærsta sinnar tegundar hér á landi og býður upp á mjög gott úrval af ljósum og lömpum fyrir allt rými á heimilum og í fyrirtækjum. Aðstæður fyrir viðskiptavini í vöruhúsinu, sem stendur við Lambhagaveg 2-4 í Reykjavík, eru frábærar að sögn Hrannar Hafliðadóttur, verkefnastjóra markaðsmála Bauhaus á Íslandi. „Þar erum við með tæplega 300 metra af hilluplássi og með yfir 3.000 vörunúmer. Öllum vörum okkar er raðað eftir birgjum og því eiga viðskiptavinir okkar afar auðvelt með að finna það sem þeir eru að leita að."





Bauhaus selur ljós og lampa frá yfir fimmtán framleiðendum og er Nordlux sennilega best þekkta merkið meðal þeirra segir Hrönn. „Nordlux er danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í skandinavískri hönnun. Auk þess erum við með nokkra sænska birgja, eins og t.d. Mark Sløjd og Aneta, austurríska birgja á borð við Globo og Eglo og svo að sjálfsögðu okkar eigin þýsku framleiðendur."





### Ótrúlegt úrval

Hrönn segir helsta styrk Bauhaus vera þann að geta boðið upp á ótrúlegt úrval af mismunandi ljósum og því ættu allir að að finna eitthvað við sitt hæfi í vöruhúsinu. „Við bjóðum nánast upp á allt saman; stílhreina skandinavíska hönnun, rómantíska sænska hönnun, kristalljós, kúpla, kastara, „vintage" ljós, barnaljós, útiljós, vinnuljós, baðljós og skrautperur."

Bauhaus skiptir út öllum ljósum tvisvar sinnum á ári og þessa dagana er vöruhúsið því stútfullt af nýjum vörum segir Hrönn. „Í haust er mjög mikið í tísku að vera með glerkúpla í reyklituðu og mattsvörtu með góðum skrautperum. Messing og gyllt er líka að koma aftur. Á næstunni munum við gefa út glæsilegan ljósabækling sem verður aðgengilegur á heimasíðunni okkar og í vöruhúsinu. Svo styttist auðvitað í jólavertíðina og Bauhaus verður án efa með langmesta úrvalið á markaðinum."

Bauhaus er opið virka daga milli kl. 8 og 19, laugardaga milli kl. 10 og 18 og sunnudaga milli kl. 10 og 18.





Nýju ljósin frá Halo design eru glæsileg. MYND/ERNIR



Amonde vörulínan er skemmtileg nýjung frá Eglo sem kemur frá Austurríki. MYND/ERNIR



Belly ljósið frá Nordlux sækir innblástur í japanska tekönnu og fæst í þremur stærðum.



Vintage ljósin frá Eglo eru ein af vinsælustu ljósum Bauhaus og vekja alltaf lukku. MYND/ERNIR



Avra upphengi og skrautperur verða vafalaust vinsælar í vetur. Fást í nokkrum gerðum og litum.



Fallegt ljós frá Nobb, þvermál 27 cm.

# Og það varð ljós!

Ljós eru krúnudjásn heimilisins, þegar rétt er valið. Þau hafa góð áhrif á líf okkar og líðan, umvefja heimilið hlýju og skapa rétta stemningu í starfi og leik.

Ekki er langt síðan landsmenn keyptu sér 60 watta ljósaperur sem þeir skrúfuðu í perustæðin til að fá ljós og voru sáttir við útkomuna því það var ekkert annað í boði," segir Einar Sveinn Magnússon, lýsingarhönnuður og verslunarstjóri Pfaff.

Nú sé öldin önnur og úrval ljósgjafa og ljóstækni ríkulegt og stundum flókið.

„Góð lýsing veldur vellíðan og réttri skynjun. Því þarf að vanda valið og staldra við í ljósakaupunum til að velja birtu sem hæfir hverri vistarveru fyrir sig. Er ljósið fyrir stofuna, eldhúsið eða barnaherbergið, eða á það að hanga yfir borðstofuborðinu þar sem börnin læra, við vinnum og höldum veislur? Þar þarf ljósið að mæta ólíkum þörfum og skapa rétta lýsingu við mismunandi tækifæri," útskýrir Einar.

Pfaff hefur um árabil boðið viðskiptavinum ráðgjöf við val á ljósgjöfum heimilisins.

„Heimilið er það sem okkur er kærast á eftir fjölskyldunni og því þarf að vanda valið. Við ráðleggjum fólki eindregið að leita sér aðstoðar við val á lýsingu heimilisins og mætum heim til skrafs og ráðagerða. Nú til dags er varla hægt að stökkva til þegar kaupa þarf ljósaperu og þegar fólk kemur inn í ljósaverslun, fulla af framandi ljósatækni og búnaði, vakna margar spurningar. Því er mikilvægt að hugsa fyrir lífi og leik við val á ljósgjöfum heimilisins," segir Einar.



Einar Sveinn Magnússon, ljósahönnuður og verslunarstjóri Pfaff.

Hann bendir á að stundum sé einfaldast og ódýrast að byrja á lýsingu heimilisins til að gefa því fegurri blæ, og jafnvel geti verið nóg að skipta um peru.

„Ljós er ekki bara ljós. Hægt er að velja ljósaperur með tilliti til vinnu, leiks eða slökunar, með hvítri eða gulleitri birtu. Þá ræður ljós réttri skynjun okkar á rýmum og umhverfi, því við skynjum ekkert án ljóss, hvort sem það er dagsbirta eða rafmagnsljós. Birtugjafar hafa líka breyst mikið og eru ekki lengur bundnir við loftljós, borð-, vegg- og gólflampa, heldur má lýsa upp heimilið með litlum ljósum og LED-snúrum. Þá getum við lýst upp meira í dag vegna þess hve ljósaperur eru orðnar sparneytnari, úti og inni."

Rétt lýsing geti gert kuldalegt húsnæði að hlýlegu heimili.

„Við mannfólkið verðum æ fróðara um það hvernig okkur líður og það er margsannað að okkur líður betur í rétt og vel upplýstu rými. Litablær birtunnar hefur líka áhrif á líðan okkar og hægt að velja um kalda eða hlýja birtu eftir atvikum. Dæmi er kuldalegur kúpull í stofunni, sem gefur lýsingu eins og á körfuboltavelli, en um leið og komin er lægri lampalýsing verður stofan hlýlegri og huggulegri.



Handgerður spírallampi úr þunnum viði sem gæðir rýmið hlýju og fegurð.

Þróunin er okkur í hag og við getum ráðið miklu um ákjósanlega lýsingu heima fyrir; meira að segja stýrt henni í gegnum símana okkar," segir Einar.

Pfaff er með allt til heimilisins í ljósum og býður glæsileg, vönduð ljós frá heimsþekktum framleiðendum.

„Skandinavíski stíllinn er enn allsráðandi í ljósatískunni, en skemmtileg nýbreytni er að brjóta upp látlausan stílinn með einu, áberandi ljósi úr allt annarri átt. Þá verður ljósið stóra skartið í rýminu, punkturinn yfir i-ið, og gjarnan úr gulli eða kopar."

Pfaff er á Grensásvegi 13. Sími 4140400. Sjá pfaff.is.



Discocó eftir Christophe Mathieu er eitt af frægari ljósunum í Pfaff. Það er dæmi um sláandi fegurð sem líka gefur fullkomna birtu. Hönnuðurinn skrúfaði peru ofan við borðstofuborð sitt og límdi post-it-miða í kringum peruna þar til hann fékk ekki lengur ljós í augun en hárrétta birtu á borðið.

# Birta hefur áhrif á heilsuna

Rétt lýsing skiptir miklu máli því hún hefur áhrif á vellíðan fólks. Aftur á móti getur flöktandi ljós valdið höfuðverk og pirringi, að sögn Kristjáns Gunnars Kristjánssonar lýsingarhönnuðar.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Lýsingarhönnun snýst um að ákveða hvar ljósið eigi að vera og hvernig því er stýrt. Mikilvægt er að huga vel að mannlega þættinum þegar kemur að lýsingu og hvaða áhrif hún hefur á heilsu fólks. Í stóru skrifstofuhúsnæði þarf t.d. að gæta þess að þar sé birtan notaleg en ekki truflandi fyrir starfsfólk svo öllum líði vel," segir Kristján Gunnar Kristjánsson en hann lærði lýsingarhönnun við Tækniskólann og hefur starfað í faginu um árabil, m.a. hjá Lumex. Hann er nú búsettur með fjölskyldunni í Edinborg og starfar við að lýsa gamla kastala og eldri byggingar en hyggur brátt á flutning heim til þess að taka við stöðu fagstjóra lýsingarsviðs hjá verkfræðistofunni Eflu.

## Lágstemmd lýsing vinsæl

Kristján telur að Íslendingar noti ljósið almennt rétt á heimilum sínum. „Ég hef tekið eftir að Íslendingar vilja gjarnan hafa lágstemmda lýsingu heima hjá sér og eru mikið fyrir kertaljós og kósí stemningu. Ég hef ekki tekið eftir því í öðrum löndum þar sem ég hef unnið, svo sem í Skotlandi og Sádi-Arabíu. Íslendingar vilja hafa möguleika á að dempa birtuna hjá sér en gæta þess vel að hafa vinnusvæði, t.d. í eldhúsinu, rétt lýst," segir hann.



**Það má segja að um hver tuttugu og fimm ár sem við náum í aldri þurfum við að auka lýsingu í kringum okkur um 25 prósent til að halda í það birtumagn sem við skynjum, þetta þýðir að fólk þarf að auka birtuna, t.d. við lestur.**

## Vanda valið

Sjálfur segist Kristján varla kveikja loftljós heima hjá sér en þess í stað kveikir hann heldur á lömpum. Hann upplýsir að ljós geti verið mismunandi og tækninni hafi fleygt fram undanfarna áratugi. „Áður fyrr keypti fólk glóperu sem hafði mismikinn styrk en í dag vilja flestir eiga þess kost að stjórna ljósinu betur. Díóður hafa verið að ryðja sér til rúms en ég mæli eindregið með að fólk vandi valið á díóðum. Sumar þeirra gefa frá sér flöktandi ljós sem erfitt er að greina með berum augum, en lýsingin flöktir samt sem áður stanslaust. Það getur verið mjög óþægilegt og truflandi og valdið síþreytu hjá fólki," segir hann.



Miklu máli skiptir að lýsing á vinnustað sé rétt svo starfsfólki líði vel.

## Meiri lýsing með hækkandi aldri

Með hækkandi aldri breytast þarfir fólk hvað varðar lýsingu. „Það má segja að um hver tuttugu og fimm ár sem við náum í aldri þurfum við að auka lýsingu í kringum okkur um 25 prósent til að halda í það birtumagn sem við skynjum, þetta þýðir að fólk þarf að auka birtuna, t.d. við lestur," upplýsir Kristján.

Inntur eftir því hvort lýsing í litlum íbúðum eða stórum húsum eigi að vera mismunandi segir Kristján að svo sé ekki. „Hins vegar er yfirleitt búið að skipuleggja lýsingu í minna húsnæði og allir lampar komnir upp. Þar er lýsingin oftast hugsuð út frá nýtni en ekki endilega fagurfræði. Skynsamlegt er að fá ráðleggingar lýsingarhönnuðar áður en lýsing er ákveðin, helst á meðan húsnæði er enn á byggingarstigi og það er ekki orðið of seint að breyta eða bæta. Í því felst oft sparnaður til lengri tíma litið," segir hann.



Öll ljósin í versluninni eru dönsk og fást hvergi annars staðar á landinu. MYND/VILHELM

# Viðskiptavinir setja saman ljós að vild



Amíra býður upp á loftljós og borðlampa í úrvali.

Í versluninni Amíru í Ármúla 23 fást loftljós, skrautljósaperur og lampar. Viðskiptavinir geta auðveldlega lagað ljósin að smekk og er hægt að velja lampaskerma, snúrur og perur að vild.

Verslunin Amíra, sem var opnuð fyrir þremur árum, sérhæfir sig í sölu á gæða sængurfötum, handklæðum, baðvörum og gjafavöru af ýmsu tagi. Þar fást líka húsgögn, borð, stólar og bekkir. Sömuleiðis úrval fallegra loftljósa, ljósapera og lampa.

„Vörurnar eru allar sérvaldar frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Ljósin eru öll frá Danmörku og fást hvergi annars staðar hér á landi,“ segir Guðrún Elín Guðmundsdóttir, eigandi verslunarinnar.

Hún segir mikið lagt upp úr vönduðum ljósum sem valin eru af kostgæfni. „Viðskiptavinir geta líka sniðið þau að smekk enda seljum við lampaskerma sér. Þá erum við með mikið úrval af skrautljósaperum frá Light Shine af hinum ýmsu stærðum og gerðum ásamt fjölbreyttum snúrum. Fólk getur því sett saman eigin ljós að vild.

**» Vörurnar í versluninni eru allar sérvaldar frá hinum ýmsu Evrópulöndum. Ljósin eru öll frá Danmörku.**

Guðrún er með mikið af dyggum viðskiptavinum sem koma aftur og aftur. „Við reynum að halda verðinu viðráðanlegu og það kann fólk að meta.“

Allar nánari upplýsingar er að finna á amira.is





Í versluninni er hægt að velja lampaskerma, perur og snúrur eftir smekk og setja þannig saman eigið ljós.



Ljósaperurnar frá Light Shine eru afar vandaðar og eiga að endast í 25.000 klukkustundir.



Onion lamparnir (hér til hægri) fást bæði sem borðlampar og loftljós. Þeir eru í þremur litum. Verð 19.900 krónur.



Estano (til vinstri) fæst í tveimur stærðum og tveimur litum. Verð frá 21.900.

# Upplifun hluti af hönnuninni

Kjartan Óskarsson, húsgagna- og innanhússarkitekt, segir grósku í íslenskri ljósahönnun. Hann sækir innblástur í gamlar vélar og vinnur gjarnan með hreyfingu í hönnun sinni.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég sæki innblástur víða og hef til dæmis mjög gaman af að skoða gamla hluti, sérstaklega gömul tæki og vélar sem snúast en ég hef unnið mikið með hreyfingu og upplifun. Allir lamparnir sem ég hef framleitt undir mínu nafni hafa þennan hreyfanleika sem umbreytir ljósi eða ljósmagni," segir Kjartan Óskarsson, húsgagna- og innanhússarkitekt, en hann hefur getið sér gott orð fyrir hönnun ljósa.

Kjartan vann meðal annars Launch PAD á alþjóðlegu hönnunarsýningunni WantedDesign í New York árið 2015 og hefur tekið þátt í sýningum víða, nú síðast á London Design week. „Sýningar skipta okkur miklu máli því upplifunin er allt önnur en að horfa á hlutinn á ljósmynd. Það er því yfirleitt mikið að gera hjá okkur á sýningum því flestir vilja prófa og upplifa virknina í ljósunum. Okkur hefur alltaf gengið vel," segir Kjartan. Beðinn um að nefna áhrifavalda úr hönnunarheiminum nefnir hann Achille Castiglioni og Zaha Hadid.

„Svo finnst mér Arik Levy mjög skemmtilegur. Annars finnst mér mest spennandi að fylgjast með þeim sem eru með lítil framleiðslu- og hönnunarfyrirtæki (Designer/Maker). Það er eitthvað svo heillandi að vera ekki bundinn stórum framleiðendum og njóta frelsisins," segir Kjartan. Það einkenni til dæmis íslenska ljósahönnun.



„Allir lamparnir sem ég hef framleitt undir mínu nafni hafa þennan hreyfanleika sem umbreytir ljósi eða ljósmagni."



HALO LAVA „Það er mikil gróska í ljósahönnun og húsgagnahönnun almennt á Íslandi enda hefur þessi bransi breyst talsvert síðustu ár, um allan heim."



HALO MIRROR Kjartan vinnur gjarnan með við í hönnun sinni.



Kjartan vann meðal annars Launch PAD á alþjóðlegu hönnunarsýningunni WantedDesign í New York árið 2015











HALO „Sýningar skipta okkur miklu máli því upplifunin er allt önnur en að horfa á hlutinn á ljósmynd."



FORESTER LAMP

> Ég er að vinna í nokkrum nýjum ljósum sem við ætlum að frumsýna í París í janúar, svo tekur Hönnunarmars við og í framhaldinu Mílanó og New York.

## Gróska á Íslandi

„Það er mikil gróska í ljósahönnun og húsgagnahönnun almennt á Íslandi enda hefur þessi bransi breyst talsvert síðustu ár, um allan heim. Minni fyrirtækjum sem eru að hanna, framleiða og selja sjálf hefur fjölgað mikið og Ísland er þar engin undantekning. Hér á landi fer þó kannski minna fyrir fyrirtækjum sem vinna næstum eingöngu að ljósahönnun."

Hvað er fram undan hjá þér?

„Við erum að flytja í nýtt húsnæði uppi á Funahöfða 3 þar sem við verðum með stúdíó og sýningarsal. Þar erum við í sambúð með Gústa og Ágústu í AGUSTAV sem er mjög spennandi. Næsta sýning sem við stefnum á er Masion&Objet í París í janúar, svo tekur Hönnunarmars við og í framhaldinu Mílanó og New York. Ég er að vinna í nokkrum nýjum ljósum sem við ætlum að frumsýna í París, bæði ljós sem falla inn í hugmyndafræði okkar og svo ljós sem eru einföld í framleiðslu."

Nánar má forvitnast um hönnun Kjartans á www.kjartanoskarsson.com




**Strap-loftljós.** Hvítt eða svart með leðuról. 24 x 27 cm. 24.995 kr. 33 x 36 cm. 29.995 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgíró shop online



# Hollenskir blómapottar með lýsingu

Pottarnir eru með frábæru rafkerfi fyrir íslenskar aðstæður, þeir ganga fyrir sparperum og eyða því litlu rafmagni. Pottarnir taka sig vel út hvar sem er, hvort sem er fyrir heimili eða fyrirtæki. Hægt er að fá sérútbúnar festingar á pottana.





# Fallegt úrval af ilmolíulömpum

**Ilmolíulampar í öllum stærðum og gerðum.**

Ilmolíulamparnir eru fyrst og fremst rakatæki sem hreinsa loftið, jónatæki, ilmgjafi ef vill og lítið fallegt ljós.







**Ilmolíulamparnir fást nú með app-i í símann!**

**Hvergi meira úrval af ilm- og ilmkjarnaolíum.**

**Ilmkerti, ilmstangir, öðruvísi gjafavara, Bubblumaskinn og ýmislegt fleira.**

**Glæsilegir útilampar**

- litlir og stórir.
- ganga fyrir batteríum.
- engar snúrur!






ZOLO | Hafnargötu 23 | 230 Reykjanesbæ
s. 588 6777 | www.zolo.is

# Tannlæknaferð til Póllands borgaði sig margfalt

Skipulagðar tannlæknaferðir eru farnar frá Danmörku og Noregi til Póllands og Ungverjalands. Margir Íslendingar leita einnig eftir ódýrum tannlækningum í Austur-Evrópu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Þórhildur Gísladóttir getur brosað fallega eftir ferðina til Póllands. MYND/ANTON BRINK

Þórhildur Gísladóttir er ein þeirra sem þurfti á miklum og dýrum tannviðgerðum að halda. Vinkona hennar hafði farið til tannlæknis í Póllandi og var ánægð með árangurinn. „Ég fór til Gdansk í byrjun ágúst. Vinkona mín hafði farið og mig langaði að prófa. Núna er ég alltaf að heyra af fleira fólki sem hefur farið til Póllands eða er á leiðinni í tannviðgerðir.

Ég taldi mig þurfa krónu yfir skemmdan jaxl, einnig vildi ég skipta út gömlum fyllingum yfir í plast og þar sem ég var með mikinn litarmun á tönnum langaði mig að fá hvíttun. Þetta eru allt mjög dýrar aðgerðir hér heima. Þegar ég kom til Póllands varð ljóst að ekki var hægt að bjarga jaxlinum og setja krónu. Hann var því tekinn. Í stað krónu fékk ég implant, það er skrúfu fyrir væntanlega tönn og í framhaldinu var ákveðið að setja implant einnig þar sem vantaði endajaxl. Ég fékk auk þess tvær rótfyllingar og tíu postulínskrónur. Það fóru fjórir morgnar í allar þessar aðgerðir sem kostuðu mig brot af því sem þetta hefði kostað hér heima eða rúmar 600 þúsund krónur. Næsta vor þarf ég að fara aftur og fá tennurnar á implant-skrúfurnar,“ segir Þórhildur sem segist hafa dvalið í eina viku í Gdansk á mjög góðu hóteli og flugið hafi hún keypt ódýrt. „Ferðakostnaður var ekki mikill og Gdansk kom mér mikið á óvart. Þetta er falleg borg og íbúar afar vingjarnlegir og gott fólk,“ segir hún. „Það er ódýrt að vera í Póllandi, kostaði ótrúlega lítið að fara út að borða,“ bætir hún við.

„Ég notaði líka ferðina til að fá mér tattú á augabrúnir. Hér heima kostar slíkt tattú um 50 þúsund og jafnvel meira. Ég borgaði 21 þúsund,“ segir Þórhildur sem er ákaflega glöð yfir að hafa drifið sig út. „Ferðin í heild var ákaflega skemmtileg enda hræðist ég ekki tannlækna,“ segir hún.

Þegar hún er spurð um aðbúnað hjá tannlækninum sparar hún ekki hrósið. „Ég hef aldrei komið inn á jafn flotta og vel útbúna stofu. Það voru allar nýjustu græjur á stofunni. Hjá mínum tannlækni hér heima er troðið upp í mig einhverju stykki þegar röntgenmynd er tekin. Þarna var mér stillt upp við vegg, síðan kom skanni og skannaði allan tanngarðinn. Myndin fór beint í tölvu og tannlæknirinn gat séð hverja einustu tönn og ástandið í munninum. Hreinlæti var allt til fyrirmyndar og tannlæknirinn vandvirkur. Ég sé alls ekki eftir því að hafa farið þessa ferð og ætla aftur.“

Þórhildur segist hafa verið ein fyrstu dagana í Gdansk en síðan hafi kærastinn komið. Þau langar til að aka um og skoða Pólland enn frekar eftir þessa reynslu. „Landið kom mér mikið á óvart,“ segir Þórhildur sem segist vel geta hugsað sér að leiðbeina Íslendingum með tannlæknaferðir en hún hitti pólska konu á tannlæknastofunni sem er umboðsmaður fyrir tannlækningaferðir frá Skandinavíu.

Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA **UM FRÉTTIR**

Úrvals fréttateymið okkar tekur á málum líðandi stundar öll kvöld á Stöð 2.
Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með **Stöð 2**.



MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is 365

**STÓRSVEIT**
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:



# ELLA
# FITZGERALD
# 100 ára

**Stjórnandi og kynnir:**
Sigurður Flosason

Andrea Gylfadóttir
Anna Mjöll Ólafsdóttir
Ágústa Eva Erlendsdóttir
Ellen Kristjánsdóttir
Kristjana Stefánsdóttir
Ragnheiður Gröndal
Ragnhildur Gísladóttir
Salka Sól Eyfeld
Sigríður Thorlacius
**Sérstakur gestur:** KK

**ELDBORG**
**22. SEPTEMBER**
**KL. 20:00**

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

# Þjónusta

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

# Keypt & Selt

## Til sölu



**mýranaut**

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

**ÚTSALA**
**Allar stangaveiðivörur**




**Vesturröst**
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Vissir þú að... Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína
Barnaheill Save the Children á Íslandi

# Heilsa

## Nudd

**NUDD/MASSAGES**
Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**CLEANING COMPANY**
is looking for people to work in cleaning services,( bussines and residentials). Part time/full time job. English is mandatory. Required: professionalism, reliability and flexibility.
**The applications for job will be send to the e-mail adress hallo@stedum.is/ cami@stedum.is, until 22nd of September.**

**AUKA/HELGARVINNA**
Við sendibílaakstur. Morgunhress óskast til að keyra með brauðmeti 2-3 í viku eftir samkomulagi milli ca 6-10, þar af amk aðra hvora helgi. Hugsanlega sniðugt fyrir námsmann (með möguleika á góðri sumarvinnu næsta sumar) uppl í s: 8926363/skutlari@yahoo.com




FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





## Atvinna



**Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?**

N1 óskar eftir að ráða kraftmikla og áreiðanlega vaktstjóra til starfa á þjónustustöðvar sínar víðsvegar um landið.

**Helstu verkefni**
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Vaktauppgjör
- Áfylling og þrif
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- 25 ára eða eldri
- Samskiptafærni
- Rík þjónustulund
- Öguð vinnubrögð
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Þjónustustöðvar N1 eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds. Við erum með vel staðsettar þjónustustöðvar og verslanir ásamt fyrsta flokks bílaþjónustu og öflugri fyrirtækjaþjónustu sem gerir N1 að sterkri heild.

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hópi. Reynsla af störfum í verslun og þjónustu er kostur.

Kynntu þér málið og sæktu um á **www.n1.is** – merkt framtíðarstörf.

Framúrskarandi fyrirtæki
JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

N1

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Virkjun í Hverfisfljóti

Ragnar Jónsson hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 9,3 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **21. september til 2. nóvember 2017** á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Skaftárhrepps, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **2. nóvember 2017** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.



## Fá fyrirtæki skuldsetja sig í erlendri mynt

Konráð segir það athyglisvert hversu fá fyrirtæki sem starfa við ferðaþjónustu hafa kosið að skuldsetja sig í erlendri mynt. „Hlutfall erlendra lána af heildarskuldsetningu fyrirtækja í ferðaþjónustu er innan við 20 prósent, en á sama tíma eru undirliggjandi tekjur viðskiptavinarins og oft á tíðum gjaldskrár fyrirtækjanna í erlendri mynt. Hlutfallið er mjög lágt og til dæmis lægra en í sjávarútvegi, áliðnaðinum og öðrum meginútflutningsgreinum landsins. Maður veltir því óneitanlega fyrir sér hvað veldur.“

Það geti verið áhætta fólgin í því að skulda mikið í krónum þegar undirliggjandi tekjur eru í erlendri mynt.



**Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur í greiningardeild Arion banka**

Hann segir að samkvæmt heimildum greiningardeildarinnar séu það einkum stærri fyrirtæki sem hafi skuldsett sig að einhverju marki í erlendri mynt, en ekki þau minni.

Í nýrri úttekt greiningardeildarinnar kemur meðal annars fram að hlutfall erlendra lána af heildarútlánum stóru viðskiptabankanna þriggja til ferðaþjónustufyrirtækja hafi aðeins verið 19,9 prósent í fyrra. Heimildir Markaðarins herma að framboð af erlendu lánsfé hjá bönkunum sé umtalsvert meira en eftirspurnin, en engu að síður hafa flest fyrirtæki í ferðaþjónustu kosið að skuldsetja sig í íslenskum krónum.

miðað við okkar spár. Boðaðar hafa verið hækkanir á virðisaukaskatti, laun munu halda áfram að hækka, gengi krónunnar verður líklega enn sterkt og fjölgun ferðamanna hægari en áður. Þetta eru verulegar áskoranir sem fyrirtækin þurfa að takast á við.“

### Versnandi afkoma

Í úttekt greiningardeildarinnar er sérstaklega bent á að launakostnaður hafi vaxið hraðar en tekjur í ferðaþjónustu undanfarin ár og það sé ein helsta ástæða þess að afkoma greinarinnar fari versnandi. Samkvæmt áætlunum Samtaka ferðaþjónustunnar fór framlegð fyrirtækja í öllum tegundum ferðaþjónustu auk þess lækkandi í fyrra. Í könnun sem samtökin gerðu meðal félagsmanna sinna um allt land í apríl síðastliðnum kom fram að 73 prósent fyrirtækjanna teldu þau þegar hafa horft upp á lækkandi arðsemi.

„Fjölgun ferðamanna hefur farið minnkandi en það sem meira er, þá hefur neyslumynstur þeirra breyst mikið. Þeir dvelja ekki eins lengi hér á landi og neyta ekki í sama mæli og áður. Þeir eru með öðrum orðum að spara við sig, svo sem í neyslu og afþreyingu, meðal annars vegna sterks gengis,“ segir Helga.

Hún bendir á að fyrirtæki í ferðaþjónustu hafi fjárfest verulega síðustu misseri til þess að byggja upp innviði til þess að taka á móti öllum þeim ferðamönnum sem sótt hafa landið heim. Hrósa megi fyrirtækjunum fyrir það. „En á sama tíma eru þau viðkvæmari en áður fyrir áföllum. Mörg fyrirtæki eru tiltölulega skuldsett og hafa á sama tíma þurft að takast á við miklar launahækkanir og gengisstyrkingu. Það eru ákveðnar blikur á lofti og mörg fyrirtæki hafa áhyggjur af stöðunni.“ Ekki sé óeðlilegt að við slíkar aðstæður reyni fyrirtækin að leita leiða til þess að bregðast við og hagræða í rekstri.

„Við fundum fyrir því í vor að það voru ákveðin teikn á lofti. Það hefur raungerst í sumar og þess vegna er ekki óeðlilegt að fyrirtæki hafi áhyggjur. En það er ekki síður mikilvægt að það náist meiri stöðugleiki í rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar. Rekstrarumhverfið hefur verið gríðarlega óstöðugt undanfarið og það hefur reynst fyrirtækjunum erfitt.“

### Skattahækkanir mesta ógnin

Jón Þór segir ljóst að gengisstyrking krónunnar sem og miklar kostnaðarhækkanir, þar á meðal launa- og skattahækkanir, ógni afkomu margra fyrirtækja í ferðaþjónustu.

„Ég held að mörg fyrirtæki, sem hafa gengið í gegnum uppbyggingarfasa undanfarin ár og séð fram á batnandi afkomu, horfi núna upp á samdrátt og versnandi afkomu. Vöxtur greinarinnar hefur verið mikill síðustu ár og hafa fyrirtæki þurft að ráðast í miklar fjárfestingar til þess að halda í við hann.“ Þegar afkoman dragist saman leiti fyrirtækin leiða til að lækka kostnað, meðal annars með því að skoða sameiningar.

„Við sjáum að þessi þróun er nú að eiga sér stað innan ferðaþjónustunnar og tel ég mjög líklegt að það verði meira um sameiningar á næstu árum.“

Jón Þór segir rekstur Arctic Adventures ganga vel og framtíðarhorfur vera góðar. „Ég hef trú á því að ferðaþjónustan muni halda áfram að vaxa, þó hægar en hingað til, og að ferðamenn haldi áfram að koma hingað til lands. Mesta ógnin við rekstrarumhverfi fyrirtækja í ferðaþjónustu er hins vegar græðgi hins opinbera. Stjórnvöld hafa boðað gríðarlegar álögur á ferðaþjónustuna og þá er ég ekki aðeins að tala um boðaða hækkun á virðisaukaskatti, heldur einnig til dæmis nýja skatta í þjóðgörðunum.

Ef fram heldur sem horfir munu fyrirtæki horfa fram á milljóna ef ekki tugmilljóna kostnaðarhækkanir. Einhver fyrirtæki, og þá sér í lagi þau minni og fyrirtæki á landsbyggðinni, munu illa ráða við þær. Ef þessar skattahækkanirnar verða að veruleika spái ég því að það verði einhver gjaldþrot í greininni.“

Conference

[ SOFTWARE AND COMPUTER-IMPLEMENTED INVENTIONS ]

*< Patenting strategies and possibilities >*

*What can be patented and what cannot be patented?*

*What are the limitations?*

*How are these IP rights best used as business tools?*

*The legal and business perspective in Europe and the US*

Arranged by FEIS (Federation of Icelandic Patent Professionals) and SVESI (Association on Industrial Intellectual Property Rights), in association with the Association of Icelandic Industries, University of Iceland, Reykjavik University and AUÐNA-TTO Iceland and the Icelandic Patent Office.

**Hilton Nordica Hotel**

September 22nd 2017 @ 8:30

Sign up: sig@arnasonfaktor.is

# Kapphlaupið um gögnin



**Friðrik Þór Snorrason**
forstjóri RB

Íathyglisverðri grein sem birtist nýverið í tímaritinu Economist var því haldið fram að gögn séu orðin verðmætustu auðlindir hagkerfisins í dag og séu í raun olía tuttugustu og fyrstu aldar. Líkt og í upphafi olíualdarinnar þá sé að myndast fákeppnismarkaður um gögn þar sem handfylli netrisa drottni yfir öðrum fyrirtækjum.

Gögn breyta hins vegar eðli samkeppninnar. Því fleiri sem nota tiltekna lausn því meira gagnamagn verður til sem gerir tæknifyrirtækjum kleift að nýta þau til að betrumbæta afurðir sínar, gera þær sýnilegri og áhugaverðari fyrir neytendur. „Eftirlitskerfi netrisanna nær yfir allan heiminn: Google veit að hverju þú leitar, Facebook veit hverju þú deilir og Amazon veit hvað þú kaupir. Netrisarnir hafi í raun „augu Guðs“ til að fylgjast með hvað er að gerist á þeirra mörkuðum og jafnvel út fyrir þá,“ segir í grein The Economist. Nánast ótakmarkað aðgengi þeirra að gögnum verndar netrisana fyrir mögulegri samkeppni, t.a.m. geta þeir séð strax hvaða nýja vara og þjónusta nýtur hylli almennings.

Fjárhagsgögn viðskiptavina hafa ávallt gegnt mikilvægu hlutverki í hefðbundinni bankastarfsemi. Bankar hafa nýtt þau meðal annars til að meta áhættu í viðskiptum, greiðslugetu viðskiptavina og til að verðleggja lán og þjónustu. Lengi vel tryggðu lög um fjármálafyrirtæki bönkum „einkarétt“ á fjárhagsgögnum sinna viðskiptavina, sem veitti þeim sterka sérstöðu á markaði. Hins vegar hefur á undanförnum árum molnað nokkuð hratt undan „einkarétti“ fjármálafyrirtækja á fjárhagsgögnum viðskiptavina með framþróun nýrra tæknilausna og vilja ýmissa tæknifyrirtækja og fjártæknifyrirtækja (e. FinTech) til að afla sér réttinda sem fjármálafyrirtæki. Í raun er hafið kapphlaup á milli hefðbundinna fjármálafyrirtækja og nýrra þátttakenda á fjármálamarkaði um þau verðmæti sem felast í fjárhagsgögnum einstaklinga og fyrirtækja.

Stærstu netfyrirtæki heims eru þegar byrjuð að nýta yfirburði sína í gögnum til að keppa við hefðbundin fjármálafyrirtæki. Amazon hefur tekið markviss skref inn á fjármálamarkaðinn með þjónustu á borð við Amazon Payments og Amazon Lending. Enn fremur hefur félagið aflað sér réttinda sem fjármálafyrirtæki í ýmsum löndum. Þá er Amazon orðið nokkuð stórtækt í útlánastarfsemi en félagið lánaði á síðasta ári um einn milljarð dollara til sjálfstæðra söluaðila sem reka eigin vefverslanir á markaðstorgi Amazon. Netrisinn getur beitt allt öðrum aðferðum en hefðbundinn banki við að meta áhættu í viðskiptum og við verðlagningu lána, enda býr félagið yfir rauntímagögnum um hvað lántakinn veltir miklu, hver veltuhraði lagersins er, hve hratt hann nær að afhenda afurðir til viðskiptavina, hve miklu af afurðum er skilað, o.s.frv. Í mörgum tilfellum geymir lántakinn afurðirnar einnig í vöruhúsi Amazon, sem Amazon tekur svo veð í, og áhættan er því sáralítil.

**Smælingjar og netrisar**

Þótt ljóst sé að samkeppnin við netrisana muni reyna á evrópsk og íslensk fjármálafyrirtæki þá munu ný greiðsluþjónustulög (e. PSD2) og ný samevrópsk persónuverndarreglugerð (e. GDPR) jafna samkeppnisstöðu þeirra að einhverju leyti. Við fyrstu sýn kann þetta að virðast fjarstæðukennd fullyrðing.

GDPR og PSD2 munu fjölga þátttakendum á fjármálamarkaði, en samhliða því jafna nýju lögin í raun samkeppnisstöðu hefðbundinna fjármálafyrirtækja gagnvart netrisunum sem þurfa einnig að uppfylla þessa sömu löggjöf og tryggja aðgengi þriðju aðila að þeim persónugreinanlegu gögnum sem þau geyma. Neytendur munu því líka geta krafið netrisana um sín gögn, fjárhagsgögn sem og önnur persónugreinanleg gögn, og flutt þau til nýrra þjónustuveitenda, t.d. banka. Þessar breytingar kalla þó á að litlar fjármálastofnanir eins og þær íslensku rannsaki og nýti sér þau tækifæri sem PSD2 og GPDR skapa, endurskoði viðskiptamódel sín og leiti leiða til að auka samkeppnishæfni sína með framþróun nýrra lausna. Einnig eru fjölmörg dæmi um það í Evrópu að bankar séu að sameina krafta sína í þróun og markaðssetningu nýrra sameiginlegra lausna til þess að bæta samkeppnisstöðu sína gagnvart netrisunum.

***Í næsta pistli verður fjallað um ný tekjumódel í greiðslum.***






Frá dreifingarmiðstöð Amazon, stærstu vefverslunar heims, í Bandaríkjunum. Að reka vefverslun felur í sér sömu áskoranir og að reka hefðbundna verslun. Hins vegar er mögulegt markaðssvæði mun stærra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Íslensk vefverslun og samkeppnishæfni



**Guðrún Tinna Ólafsdóttir**
viðskiptafræðingur

> **Hrein netsölufyrirtæki eru fátíð meðal stærstu vefverslana heimsins. Flestar eru með hefðbundinn verslunarrekstur sem grunn.**

Íþessum mánuði bárust fréttir um að velta innlendrar netverslunar aukist milli ára. Þó er áætlað að 80 prósent af vefverslun Íslendinga sé erlendis en því er öfugt farið í öðrum löndum. Eðlilega má spyrja af hverju veltan sé enn hlutfallslega lítil þrátt fyrir vöxt og þá hvort íslenskar vefverslanir séu samkeppnishæfar?

Að reka vefverslun felur í sér sömu áskoranir og að reka hefðbundna verslun. Hins vegar er mögulegt markaðssvæði mun stærra. Sérstaða vörumerkisins þarf því að vera enn meiri til að vekja eftirtekt. Í rannsókn PwC frá 2014 sem náði yfir fimm heimsálfur og 15.000 netviðskiptavini kemur fram að forsenda þess að ná góðum árangri í sölu á netinu er að vörumerkið sjálft sé spennandi, sterkt og skeri sig úr. Í skýrslu Rannsóknaseturs verslunarinnar frá 2015 kemur fram að þær íslensku vefverslanir sem hafa náð fótfestu erlendis hafa sérstöðu í vöruúrvali að því leyti að þær selja íslenskar vörur og/eða vörur tengdar Íslandi. Í dag snýst markaðsstarf síðan ekki um að dæla út upplýsingum heldur að eiga í skýru og gagnvirku samtali við viðskiptavininn. Samfélagsmiðlar eru frábær vettvangur á því sviði og einfalt að sérsníða samtölin fyrir ólík menningarsvæði. Samkvæmt PwC versla 50 prósent viðskiptavina við vefverslanir vegna áhugaverðra hluta sem þær birta á samfélagsmiðlum. Sama hlutfall notar netið til samskipta við vörumerkið.

En það er ekki nóg að hafa góða vöru og vandaða vefverslun til að tryggja sölu. Mikilvægt er að bjóða upp á stað, annaðhvort eigin verslun eða í heildsölu til annarra verslana, þar sem viðskiptavinurinn getur snert vöruna. Jafnframt kýs stór hluti viðskiptavina að sækja vörurnar þar í stað þess að fá þær sendar heim. Hrein netsölufyrirtæki eru fátíð meðal stærstu vefverslana heimsins. Flestar eru með hefðbundinn verslunarrekstur sem grunn. Fyrir vefverslanir sem ætla inn á erlenda markaði skiptir því lykilmáli að velja réttu heildsölusamstarfsaðilana.

*Í stuttu máli má því segja að íslensk vefverslun sé samkeppnishæf ef vörumerkið sjálft hefur sérstöðu, á í uppbyggilegu samtali við viðskiptavininn og að á markaðssvæðinu séu verslanir sem selja þær vörur sem vefverslunin býður upp á.*

Í skýrslu RSV er skrifað: „Ein helsta ástæða fyrir minna umfangi íslenskrar netverslunar er lítill markaður sem gerir verslunum erfitt um vik að bjóða samkeppnishæft vöruverð. Jafnframt nálægð við hefðbundnar verslanir. Möguleikarnir til að stækka felast meðal annars í að ná til stærri markaðssvæða.“

Þetta er að hluta til rétt. Lykilatriði fyrir samkeppnisstöðuna er lægra innkaupsverð og birgðastýring en ekki síður lækkun/afnám aðflutningsgjalda og flutningskostnaðar. Við sölu inn á erlenda markaði eykst vandinn við birgðastýringu. Á vefverslunin að hafa vöruhús á hverju markaðssvæði og þá auka fjárbindingu í birgðum á kostnað lægri aðflutningsgjalda og flutningskostnaðar? Eða á vöruhúsið að vera staðsett hér á landi með möguleika á að selja umframbirgðir í gegnum eigin verslanir en stendur frammi fyrir aðflutningsgjöldum á vörum inn í landið og svo aftur á sölupantanir til útlanda, kostnað sem, þá óánægðir, erlendir viðskiptavinir bera? Samkvæmt RSV koma eingöngu 15 prósent af veltu íslenskra vefverslana erlendis frá.

Í þriðja lagi hár innlendur flutningskostnaður. Það kostar allt upp í tvisvar til fjórum sinnum meira að senda vöru innan og frá Íslandi en til Íslands eða innan Evrópu. Víða erlendis bjóða vefverslanir upp á fría heimsendingu og við skil eða skipti. Samkvæmt PwC er 50 prósentum tískuvarnings í Þýskalandi skilað og 25 prósentum í Bretlandi. Þegar netviðskiptavinir voru spurðir hver væri helsta ástæða þess að þeir versluðu á netinu nefndu 80 prósent fríar flutningskostnað, 66 prósent sent næsta dag og 64 prósent frí skil eða skipti. Þegar flutningskostnaður er hár í krónum talið líkt og er hér á landi og/eða framlegð vörunnar lág, þá eru augljós neikvæðu áhrifin á framlegð og samkeppnishæfni fyrirtækisins.

*Niðurstaðan er einföld. Á meðan íslenskar vefverslanir eru með vöruhús á Íslandi og vegna aðflutningsgjalda og hás flutningskostnaðar, þá eru litlar líkur á stærri markaðshlutdeild hér á landi og erlendis sem myndi leiða til aukinnar rekstrarhagkvæmni vegna meiri magnkaupa í innkaupum/framleiðslu.*

# Ætlar að hlaupa maraþon á stórafmælinu

## Svipmynd

Arna Kristín Einarsdóttir

Arna Kristín Einarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Sinfóníunnar síðan í maí 2013. Hún skilur ekki hvernig forverar hennar í starfi fóru að fyrir daga tölvupóstsins og er í 30 eininga diplómanámi á Bifröst í samningatækni og sáttamiðlun. Arna situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Hvað sumarið var gott. Mér leist satt að segja ekkert á blikuna í byrjun júní en svo rættist úr veðrinu og sólin skein dag eftir dag. Það var til dæmis ógleymanlegt að vera í yfir tuttugu stiga hita á ReyCup í Laugardalnum í júlílok þar sem sonur minn var að spila með Valsliðinu sínu í 4. flokki. Veðrið er sko ekki alltaf þannig á fótboltamótum.

*Hvaða app notarðu mest?* Ætli það sé ekki tölvupóstsappið. Skil eiginlega ekki hvernig hægt var að vinna vinnuna mína fyrir daga tölvupósts. Svo Spotify, Sarpurinn, Audible, Facebook, Guardian og OPAS sem er skipulagsapp sinfóníuhljómsveita þar sem sjást æfingaplön vikunnar og aðrar vinnutengdar upplýsingar.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Hef reynt að einfalda líf mitt og nýti tímann þegar ég er ekki í vinnunni í að vera með fjölskyldunni. Hitti vinina svona spari. Er samt í leikhúsklúbbi og saumaklúbbi með vinkonum. Prjóna líka í frístundum og les og finnst ótrúlega gaman á skíðum. Er reyndar líka í 30 eininga diplómanámi á Bifröst í samningatækni og sáttamiðlun. Úps. Skil núna af hverju tíminn líður svona hratt.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Hleyp. Hljóp hálft maraþon í þriðja sinn í Reykjavíkurmaraþoninu og er núna byrjuð á námskeiði hjá Náttúruhlaupum. Elska að vera úti og hlakka mikið til að kynnast nýjum hlaupaleiðum í nágrenni Reykjavíkur. Stefni á að hlaupa heilt maraþon á næsta ári í tilefni af 50 ára afmælinu mínu. Gott að setja þetta fram hér þannig að ég standi nú örugglega við stóru orðin.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Fyrir utan klassíkina er ég undir miklum áhrifum frá sonum mínum og hlusta á Migos, Reykjavíkurdætur og Emmsjé Gauta. Var óvænt boðið á tónleika um helgina með Friðriki Dór og fannst hann standa sig dúndur vel. Flottir tónleikar, frábærir spilarar og mikil gæði sem sýnir metnaðinn í íslensku tónlistarlífi.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Ekki spurning. Lifi og brenn fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin hefur svo mikið gildi fyrir íslenskt samfélag og er grunnurinn að íslensku tónlistarlífi. Frá stofnun hefur hljómsveitin tengt okkur við umheiminn og veitt okkur aðgengi að stórkostlegustu hugverkum mannsandans, listaverkum á borð við sinfóníur Beethovens og tónlist Mozarts. Fyrir litla þjóð lengst í Norður-Atlantshafi skiptir slíkt aðgengi miklu máli.



Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


VIÐ PRENTUM

TÍMA
RIT




UMHVERFISMERKI
141 825
Prentgripur

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að rammasamningi Ríkiskaupa og rammasamningi Reykjavíkurborgar. Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

**Hafðu samband við viðskiptastjóra okkar í síma 5 950 300 og við komum þínum hugmyndum í framkvæmd.**

WWW.ISAFOLD.IS

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA SUÐURHRAUNI 1, 210 GARÐABÆ — PRENTUN Í 140 ÁR

## Skotsilfur

### Færir sig um set

**Baldur Guðlaugsson**, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur verið ráðinn sem ráðgjafi hjá lögmannsstofunni IUS sem var stofnuð síðasta haust. Baldur hafði áður starfað sem ráðgjafi hjá LEX lögmannsstofu frá árinu 2012, en auk þess sinnir hann eigin fjárfestingum. Markaðurinn greindi til að mynda frá því í sumar að Baldur hefði keypt tæplega 6 prósenta hlut í verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréf. Auk þess er hann stjórnarformaður fjármálafyrirtækisins A Faktoring. Garðar Guðmundur Gíslason er eigandi IUS, en hann var áður einn af aðaleigendum LEX og starfaði þar meðal annars með Baldri.



### Í einkabankaþjónustu

Stjórnendur Kviku banka og Virðingar vinna nú að því að ganga endanlega frá sameiningu félaganna, meðal annars með því að segja upp samanlagt sautján starfsmönnum, en á síðustu vikum hafa bæði Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið samþykkt kaup Kviku á öllu hlutafé verðbréfafyrirtækisins. Á meðal þeirra sem munu færa sig um set yfir til Kviku er **Frosti Reyr Rúnarsson**, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Virðingar og þar áður Auðar Capital. Frosti, sem stýrði verðbréfateymi markaðsviðskipta Kaupþings á árunum 2006 til 2009, mun hins vegar ekki taka til starfa í markaðsviðskiptum Kviku heldur í einkabankaþjónustu fjárfestingabankans.



### Þekkir vel til

Í síðustu viku tilkynnti VÍS að framkvæmdastjórar yrðu fjórir í stað sex. Við þær breytingar létu þrír af störfum en **Valgeir Baldursson**, áður forstjóri Skeljungs, var ráðinn framkvæmdastjóri Fjárfestinga og reksturs. Valgeir ætti að þekkja vel til eins stærsta hluthafa og stjórnarformanns VÍS, Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur, en hann starfaði sem fjármálastjóri Skeljungs þegar Svanhildur og eiginmaður hennar voru eigendur olíufélagsins.



## Toys 'R'Us óskar eftir greiðslustöðvun




Bandaríska leikfangakeðjan Toys 'R' Us óskaði í gærmorgun eftir greiðslustöðvun. Markmið stjórnendanna er að endurfjármagna skuldir leikfangakeðjunnar, sem hafa aukist verulega, og koma rekstrinum í Bandaríkjunum og Kanada sem fyrst á réttan kjöl. Leikfangakeðjan var eitt sinn sú stærsta á bandarískum leikfangamarkaði, en hefur átt erfitt uppdráttar í samkeppninni við netrisann Amazon. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Allt fyrir alla



**Halldór Benjamín Þorbergsson,** framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

Fljótt skipast veður í lofti. Nýverið kom fram sú hugmynd að endurskoða fjárhæð persónuafsláttar til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990. Það þýðir að skattleysismörkin hækka úr 150 þúsund í 320 þúsund á mánuði. Niðurstaðan er sú að kostnaður við þá aðgerð næmi ríflega 130 milljörðum króna á ári. Aðgerðin væri feikilega dýr og misráðin og hefði grundvallaráhrif á hvata til vinnu og þar með neikvæð áhrif á efnahagslífið allt.

**Gildrur að varast**

Það er mikilvægt að stöðug umræða og endurskoðun sé í gangi á íslensku skattkerfi. Sérstaklega fagnar undirritaður öllum tillögum um lækkun álagna á landsmenn. Ekki síst í ljósi þess að skattheimta á Íslandi er ein sú mesta meðal þróaðra ríkja. Óraunhæfar tillögur í þá veru eru þó ekki til þess fallnar að vinna málstaðnum brautargengi. Það er erfitt að bera saman persónuafslátt á milli ólíkra kerfa. Skattleysismörk eru til að mynda þau sömu hvort sem þau eru 25 þúsund krónur í kerfi 25% tekjuskatts eða 50 þúsund krónur í kerfi 50% tekjuskatts. Það eru því margar gildrur að varast í umræðu um skattleysismörk og persónuafslátt.

**Trúverðugleiki?**

Gott dæmi er nýleg tillaga um að persónuafsláttur verði endurskoðaður til samræmis við þróun launavísitölu frá árinu 1990. Í fyrstu hljómar þetta sem yfirveguð hugmynd. En við nánari skoðun sést að tillagan er óraunhæf.

Persónuafsláttur er 52.907 krónur á mánuði en uppreiknaður miðað við launavísitölu árið 1990 verður hann 112.881 krónur. Við það lækka mánaðarlega skattgreiðslur hvers einstaklings, sem fullnýtir afsláttinn, um tæpar 60 þúsund krónur burt séð frá því hvar hann er í tekjudreifingu. Skattleysismörk myndu þannig hækka úr tæpum 150 þúsund í tæp 320 þúsund á mánuði miðað við 4% framlag launþega í lífeyrissjóð.

Heildarkostnaður aðgerðarinnar væri metinn 130 milljarðar á ári. Til samanburðar er heildarframlag til heilbrigðismála um 190 milljarðar á ári.

**Smáatriði skipta máli**

Ekki dugar að horfa til fjölda framteljenda og margfalda með hækkun persónuafsláttar. Það væri ofmat þar sem hluti framteljenda nýtir ekki persónuafsláttinn til fulls. Fjöldi þessara framteljenda var 264.898 en þar af voru 49.253 með tekjur undir núverandi skattleysismörkum sem eru 149.192 krónur á mánuði miðað við 4% framlag launþega í lífeyrissjóð. Þeir sem voru með tekjur á milli „nýju“ skattleysismarkanna og þeirra „gömlu“ voru 78.564 og voru meðaltekjur þeirra 241.314 krónur. Kostnaður ríkissjóðs vegna hærri persónuafsláttar þessara framteljenda hefði verið 34,2 milljarðar. Það er þá kostnaður af þeim sem hætta að greiða skatt í umræddri tillögu. Fjöldi þeirra sem voru yfir „nýju“ mörkunum var 137.081 og kostnaðurinn vegna þeirra væri 98,7 milljarðar. Kostnaður ríkissjóðs af því að endurskoða persónuafslátt til samræmis við launavísitölu frá árinu 1990 væri því að minnsta kosti 133 milljarðar og af þeirri fjárhæð færu 74% til þeirra tekjuhæstu.

**Vönduð vinnubrögð**

Við eigum að vera kröfuhörð þegar kemur að umræðu um skattkerfið. Tillagan um launavísitölutengdan persónuafslátt frá árinu 1990 myndi nánast þurrka út allar tekjur ríkissjóðs í gegnum tekjuskatt einstaklinga. Í fyrra námu þær ríflega 150 milljörðum en yrðu miðað við breytinguna um 20 milljarðar. Tekjur ríkissjóðs myndu þannig á augabragði dragast saman um 130 milljarða króna á ári.

Ef ætlunin er að fækka þeim í einu vetfangi sem taka þátt í að greiða skatta verður það einungis gert með þeim hætti að velta þeim byrðum á aðra nema samsvarandi tekjusamdráttur komi á móti. Sú aðgerð myndi þýða verulega hækkun grunnskattprósentu og aukinheldur draga um leið kröftuglega úr hvata til vinnu fyrir þau 137 þúsund framteljenda sem fá þau „forréttindi“ að borga hærri skatta með tilheyrandi neikvæðri bjögun á framleiðslu og lífskjör í landinu. Þá er betur heima setið en af stað farið.

# Skiptir öllu máli fyrir ungar konur að byggja upp sterkt tengslanet



**Steinunn Camilla Stones** framkvæmdastjóri Icelandic Sync Management og FKA-félagskona

Steinunn Camilla heiti ég og er formaður nýstofnaðrar nefndar innan FKA, Félags kvenna í atvinnulífinu, og mig langar að útskýra af hverju mér finnst mikilvægt að umkringja mig sterkum konum sem byggja mig upp og hvetja mig áfram.

Ég er alin upp í fjölskyldu þar sem eini bróðir okkar þriggja systra var rauðhærður Tíbet spaniel hundur sem hét Ferdinand og ég man að pabbi var mjög glaður að fá liðsauka á sínum tíma.

Við erum allar ákveðnar og metnaðarfullar, konurnar í fjölskyldunni minni, en mín mesta fyrirmynd er mamma mín (og reyndar Vigdís Finnbogadóttir líka en það er önnur saga). Þegar ég var lítil stelpa þá fannst mér fullkomlega eðlilegt að mamma mín væri í fullu námi, skutlaði mér út um allt, snyrtifræðingur sem ætti sitt eigið fyrirtæki, ferðaðist með mér ein um allan heim, móðir þriggja stelpna sem vissu hvað þær vildu og nú stendur hún vaktina með pabba í fjölskyldufyrirtækinu okkar Gulli og silfri. Hún kenndi mér í verki. Mamma er mjög ákveðin kona, ljúf, góð, sterk og mögnuð, að mínu mati hin mesta valkyrja, sem ég taldi að væri eðlilegur eiginleiki allra kvenna (og karla) og í raun hélt ég að kæmi hreinlega með móðurmjólkinni.

Mér fannst magnað að átta mig á að svo er ekki. Að konur væru misákveðnar og legðu mismikið upp úr metnaði og hefðu mismikla möguleika á að efla sig, mennta og að vera með sterkt bakland var svo sannarlega ekki sjálfsagður hlutur.

> **Það er tengslanetið sem við byggjum upp sem mótar okkur, skapar mögnuð tækifæri, byggir upp þroska, reynslu og kunnáttu til að takast á við lífsins verkefni.**

Persónulega lærði ég að elta drauma mína, gerði það með mínum bestu vinkonum, og gafst aldrei upp. Ég lærði að þróa draumana mína og skapa nýja og í dag á ég og rek eigið fyrirtæki með stórkostlegri konu sem ég lít upp til á hverjum degi.

Það er því tengslanetið sem við byggjum upp í kringum okkur sem mótar okkur, skapar mögnuð tækifæri, byggir upp þroska, reynslu og kunnáttu til að takast á við lífsins verkefni.

Umkringjum hver aðra með metnaði, sýnum samstöðu í verki og byggjum hver aðra upp.


HB
HÚSGAGNABANKINN - LAGERSALA
Faxafen 10 - opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
Bronson
Rafknúinn
hægindastóll
í sterku áklæði
Tilboð 79.000
Bronson
Rafknúinn
hægindastóll
alklæddur ekta leðri
Tilboð 134.000
Viceroy
Rafknúinn
hægindastóll
alklæddur ekta leðri
Tilboð 134.000
8.500
Bluedio Þráðlaus heyrnatól
innbyggt útvarp og sd spilari
Flair hliðarborð
málað, Hnota
Tilboð 67.000
Houston sófasett
alklætt hágæða leðri
Tilboð 494.000
5.400
HD Bílaupptökuvél
Golda hliðarborð
málað, Hnota
Tilboð 57.000
Hornskápur
Tilboð 86.000
11.000
Leðurtaska
Classico sófasett
alklætt ekta leðri
Tilboð 349.000
Hægindastóll
alklæddur ekta leðri,
snúningur og rugga
89.000
2 mótora lyftistóll
í sterku áklæði
125.000
ILIFE
34.000
ILIFE A4s, ryksuguvélmenni
Borðstofuborð
Borð 180 x 100 sm, 60 sm stækkun
6 stólar, þar af 2 armstólar
Tilboð 359.000
Bronson
rafknúinn hægindasófi
alklæddur ekta leðri Tilboð 239.000
ILIFE
46.000
ILIFE A6, ryksuguvélmenni
með ósýnilegum vegg
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. september 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Kaupfélagið keypti hlut Lýsis

Félagið Íslenskar sjávarafurðir, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga, hefur keypt hlut Lýsis í einkahlutafélaginu Þórsmörk, eiganda Árvakurs, sem gefur meðal annars út Morgunblaðið. Íslenskar sjávarafurðir eiga nú 15,84 prósenta hlut í Þórsmörk, samkvæmt nýuppfærðum hluthafalista félagsins, en Lýsi, sem átti 1,69 prósenta hlut, er farið úr hluthafahópnum.

Íslenskar sjávarafurðir hafa bætt nokkuð við hlut sinn í Árvakri í sumar. Hefur eignarhluturinn farið úr 9 prósentum í tæp 16 prósent en félagið lagði Árvakri til aukið fjármagn fyrr í sumar þegar hlutafé útgefandans var aukið um 200 milljónir króna.

Félagið Ramses II, í eigu Eyþórs Arnalds fjárfestis, er eftir sem áður stærsti einstaki eigandi Þórsmerkur með 22,87 prósenta hlut. Félagið Hlynur A, í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, útgerðarkonu í Vestmannaeyjum, kemur þar á eftir með 16,5 prósenta hlut og þá á Ísfélag Vestmannaeyja 13,4 prósenta hlut. – **kij**

**15.09.2017**

**Þegar ríkisstjórnir sem eru hægra megin í pólitíska litrófinu komast til valda líta markaðir það að jafnaði jákvæðum augum, en öfugt þegar slíkar ríkisstjórnir fara frá völdum.**

Jón Bjarki Bentsson,



## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Fáránleikarnir

**Vendingar** síðustu viku í stjórnmálunum eru ekkert nýjar fyrir þá sem fylgjast bærilega með. Undanfarinn áratug á Íslandi hefur aðeins einni ríkisstjórn tekist að sitja heilt kjörtímabil, svokallaðri Jóhönnustjórn, sem þrátt fyrir að takast að springa ekki var þekkt fyrir allt annað en stöðugleika.

**Davíð Oddsson** var, ótrúlegt en satt, síðasti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins sem tók þátt í ríkisstjórn sem ekki sprakk. Það var með Framsóknarflokknum á árunum 2003 til 2007. Reynsla síðustu ára bendir því ekki til þess að Sjálfstæðisflokkurinn standi undir nafni sem kjölfestan í íslenskum stjórnmálum eins og flokksmenn keppast við að segja á tyllidögum. Hvað sem því líður er sannleikskorn í því sem Bjarni Benediktsson hefur sagt undanfarna daga.

**Íslensk** stjórnmál þurfa stöðugleika. Fáránleikar undanfarinna ára eru ekki til þess fallnir að tryggja að hlutirnir gangi nokkurn veginn snurðulaust fyrir sig. Endalaus upphlaup eru ekki bara þreytandi til lengdar, heldur beinlínis til þess fallin að tefla þeirri ágætu efnahagslegu stöðu sem hér ríkir, í óvissu.

**Erlendir** fjárfestar leita til að mynda í umhverfi sem þeir þekkja, og sem þeir geta treyst að breytist ekki í of stórum stökkum. Erlent fé hefur leitað hingað í auknum mæli undanfarið en ekki má mikið út af bregða til að slíkt fé fari annað. Sama gildir um kjósendur. Oftíðar kosningar valda kosningaleiða, enda til lítils að vinna að kynna sér málefni ef ganga má út frá því að sú ríkisstjórn sem veljist nái ekki einu sinni að kynna fjárlagafrumvarp áður en hún er sprungin.

**Ekki má** heldur gleyma því að tíð stjórnarskipti valda því að framfarir sitja á hakanum. Hver gleymir til að mynda kjörtímabilinu um árið þar sem fjórir borgarstjórar sátu í Reykjavík. Á meðan söfnuðu tún og torg arfa og ekkert gerðist meðan nýir menn komu sér inn í málin.

**Óskandi** væri ef upp úr kjörkössunum kæmi skýr niðurstaða, þannig að von væri á traustri stjórn sem gæti komið hlutum í verk. Til þess þurfa þeir sem til veljast að sýna ábyrgð, samstarfsvilja og gæta þess að hlaupa ekki upp til handa og fóta við minnsta tilefni. Varla er það til of mikils mælst.







Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu
YUASA
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar
Demparar, gormar og stýrisendar
Kúplingar
Tímareimar og vatnsdælur
Hemlahlutir
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# TÍMAMÓT



✝

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir og bróðir,

**Magnús Birgisson**

lést þann 28. ágúst. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju í dag, miðvikudaginn 20. september, kl. 13.00.

**Birgir Örn Magnússon**
**Álfrún Kolbrúnardóttir**
**Jit Korchai**
**Ingibjörg Birgisdóttir**
**Áslaug Þórhallsdóttir** — **Runólfur Sigurðsson**
**Þórhildur Þórhallsdóttir** — **Frank Donovan**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigrún Guðmundsdóttir**
fyrrv. leikskólastjóri,
Kambaseli 85,
Reykjavík,

lést fimmtudaginn 14. september.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 22. september kl. 15.

**Árni Hallgrímsson**
**Lára I. Hallgrímsdóttir** — **Símon R. Unndórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Kristján Erlendur Haraldsson**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 5. september.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 21. september klukkan 11.

**Erla Hjartardóttir**
**Guðmundur Haraldsson** — **Guðfinna Sigurðardóttir**
**Þórður Haraldsson** — **Halla Sigríður Þorvaldsdóttir**
**Marinella R. Haraldsdóttir**
**Kristján R. Kristjánsson** — **Valgerður D. Jónsdóttir**
**Krista, Felicia, Ísak**
**Haraldur Kristjánsson**
**Kristján Haraldsson** — **Audrey Freyja Clarke**
**Kristján Þór, Davíð Örn, Benedikt Björn**
**Ragnar Orri Benediktsson** — **Helga Sigurðardóttir**
**Sigurður Atli, Sigrún Björk, Helga Júlía**
**Erla Heiðrún Benediktsdóttir** — **Guðmundur Rúnar Árnason**
**Erlen Inga, Guðmundur Árni, Auður María**
**Guðný Ó. Á. Sveinbjörnsd.** — **Þóra Margrétardóttir**
**Guðrún Helga Sveinbjörnsd.**
**Dagur Steinn Sveinbjörnsson**
**Gunnar H. Valdimarsson, Valdimar Valdimarsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**Hallgrímur Gunnarsson**
ökukennari,
Nauthólum 10,
Selfossi,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum 8. september. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 22. september klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er vinsamlegast bent á menntasjóð yngsta sonar Hallgríms og Helgu, kt. 190903-2650, reikningsnr. 0152-18-751653.

**Helga Ingibjörg Þráinsdóttir**
**Guðbjörg Una Hallgrímsd.** — **Stefán Claessen**
**Gunnar Már Hallgrímsson** — **Eydís Bergmann Gunnarsd.**
**Elvar Elí Hallgrímsson**
**Gunnar K. Hallgrímsson**
**Guðbjörg Þ. Gestsdóttir** — **Þráinn Elíasson**
**Anna Jóna Gunnarsdóttir** — **Ágúst Berg Ólafsson**
**Kristín Gunnarsdóttir** — **Kjell Rune Pedersen**
**Elías Þráinsson** — **Erna Jóhannesdóttir**
**Gestur Már Þráinsson** — **María Katrín Fernandez**

---



✝

Ástkær systir okkar,

**Valgerður Ásta Rögnvaldsdóttir**
Hörðukór 5,

sem lést 4. september, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 22. september kl. 13.00.
Jarðsett verður á Prestbakka laugardaginn 23. september.

**Dagmar Rögnvaldsdóttir** — **Þórarinn Ólafsson**
**Helgi Rögnvaldsson** — **Helga Jónsdóttir**
**Anna Inga Rögnvaldsdóttir** — **Guðlaugur Þórarinsson**
**Ingólfur Kristinn Rögnvaldsson** — **Sigurborg Karlsdóttir**
**Gunnhildur Rögnvaldsdóttir**
**Ester Rögnvaldsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, stuðning og hlýhug við andlát elskulegs sonar okkar og bróður,

**Sverris Arnar Sverrissonar**

**Dóróthea S. Róbertsdóttir**
**Sverrir Jensson**
**Heimir Sverrisson**
**Ómar Örn Sverrisson**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Guðberg Jónsson**
sjómaður,
Seljalandi 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 12. september.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 21. september kl. 15.00.

**Ædís Björk Einarsdóttir** — **Ingólfur Magnússon**
**Brynjólfur Einarsson** — **Júlía Rafnsdóttir**
**Guðrún Eyrith Einarsdóttir** — **Garðar Þór Jónsson**
**Davíð Örvar Einarsson** — **Shelan Chao**
**Jón Ingi Einarsson** — **Gyða Gunnarsdóttir**
**Eyþór Einarsson** — **Katrín Rós Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Haraldur Jóhann Jóhannsson**
Halli Long
Víðivangi 3, Hafnarfirði,

lést á líknardeildinni í Kópavogi 16. september. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 25. september kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir og þeim er vildu minnast hans er bent á Ljósið endurhæfingu.

**Nína Dóra Pétursdóttir**
**Jóhann Hilmar Haraldsson** — **Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir**
**Elías Þór Haraldsson**
**Laufey Haraldsdóttir** — **Andri Birgisson**
**og afabörn.**

---



✝

Elsku hjartans sonur okkar og bróðir,

**Arnar Dór Hlynsson**
Hagaflöt 9, Akranesi,

lést í faðmi fjölskyldunnar fimmtudaginn 14. september.
Arnar Dór verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 22. september kl. 13.00.

**Hlynur Sigurdórsson** — **Ragnheiður Ásgeirsdóttir**
**Jónína Herdís Sigurðardóttir** — **Michael Wahl Andersen**
**Ásgerður Hlynsdóttir**
**Freyr Hlynsson**
**Eva Ösp Sæmundsdóttir**
**Aron Þór Kristjánsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Ríkarð Magnússon**
skipstjóri,
Sandholti 38, Ólafsvík,

sem lést þann 13. september, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju 23. september kl. 14.00.

**Bjarný Sólveig Sigtryggsdóttir**
**Bjarney Birgitta Ríkarðsdóttir** — **Axel Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Jenný Ríkarðsdóttir** — **Hafsteinn Garðarsson**
**Bylgja Sjöfn Ríkarðsdóttir**
**Magnús Ríkarðsson** — **Anna Hulda Long**
**Ríkarð Ríkarðsson** — **Vaida Steikuniene**
**Díana Harpa Ríkarðsdóttir** — **Vigfús Magnússon**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðrún Alfífa Gísladóttir**
Leynisbraut 34, Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands fimmtudaginn 14. september. Útförin fer fram fá Reykholtskirkju í Borgarfirði föstudaginn 22. september klukkan 14.

**Lilja Leifsdóttir** — **Jens Ágúst Jónsson**
**Gísli Björnsson** — **Kristín Hallsdóttir**
**Helga Björnsdóttir** — **Óli Öder Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæri

**Logi Már Sveinarsson**
Tungusíðu 6, Akureyri,

lést þriðjudaginn 5. september.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Gunnhildur Rögnvaldsdóttir**
**Margrét Kjartansdóttir**
**Sveinar Eyfjörð Þórsson**

---



✝

Ástkær eiginkona mín og besti vinur,
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Björg Valtýsdóttir**
aðstoðaryfirtollvörður,
Njarðvíkurbraut 28,
Innri-Njarðvík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 17. september.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið og Krabbameinsfélag Suðurnesja. Útförin fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 22. september klukkan 13.

**Kristinn Pálsson**
**Sigrún Eva Kristinsdóttir** — **Martin Hernandez**
**Ásdís Björk Kristinsdóttir** — **Jóhann Axel Thorarensen**
**Páll Kristinsson** — **Pálína Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Margrét Ísleifsdóttir**
frá Kirkjubæjarklaustri á Síðu,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, síðastliðinn fimmtudag 14. september. Útförin fer fram fimmtudaginn 21. september klukkan 13.00 frá Guðríðarkirkju í Grafarholti. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkisonsamtökin á Íslandi.

**Sólborg Lilja Steinþórsdóttir** — **Tryggvi Þórhallsson**
**Sif Steinþórsdóttir** — **Joakim Wik**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**


Byggjum von um betra líf
Á ALLRA VÖRUM
Fylgstu með söfnunarþætti í beinni útsendingu á RÚV og í Sjónvarpi Símans laugardaginn 23. september kl. 19:45
2.000 kr.
903 1502
5.000 kr.
903 1505
8.000 kr.
903 1508
KVENNA ATHVARF
SKOT
Pipar\TBWA
trickshot
MEDIA RENTAL
Audioland
benecos
KONTRAST
Síminn
RÚV

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
AMERICAN ASSASSIN
SÝND KL. 8, 10.20
UNDIR TRÉNU
SÝND KL. 6, 8, 10
SONUR STÓRFÓTAR
SÝND KL. 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
Úr smiðju Stephen King
Frábær ný mynd fyrir alla fjölskylduna. Sýnd með íslensku tali.

| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| IT | KL. 6:10 - 8 - 9 - 10:50 |
| IT VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| MOTHER! | KL. 5:20 - 8 - 10:50 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 - 8 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ANNABELLE: CREATION | KL. 10:10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| IT | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| MOTHER! | KL. 5:25 - 8 - 10:35 |
| AMERICAN MADE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |
| HITMAN'S BODYGUARD | KL. 8 - 10:30 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| IT | KL. 8 - 10:50 |
| MOTHER! | KL. 8 - 10:50 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| EVERYTHING, EVERYTHING | KL. 5:50 |

| KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| IT | KL. 5:10 - 8 - 10:20 - 10:50 |
| MOTHER! | KL. 5 - 7:40 - 10:20 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| DUNKIRK | KL. 8 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| IT | KL. 10:05 |
| MOTHER! | KL. 8 - 10:35 |
| UNDIR TRÉNU | KL. 8 |

TOM CRUISE AMERICAN MADE
THE HITMAN'S BODYGUARD
Grín-spennumynd ársins!
DUNKIRK



Unnur Birna mundar fiðluna í Petersen svítunni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. SEPTEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Joan Shelley
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Bandaríska söngvaskáldið og gítarleikarinn Joan Shelley heldur sólótónleika í Mengi. Miðaverð er 2.500 krónur og hægt er panta miða í gegnum booking@mengi.net eða kaupa við innganginn.

**Hvað?** Electronic Collisions! Andi, Natasha Von Braum, Nwrmntc, Skurken
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Raftónlist á Gauknum. Svaka stuð.

**Hvað?** Unnur Birna & Sigurður Helgi í Petersen svítunni
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Petersen svítan, Ingólfsstræti
Í kvöld munu djasssöngkonan og fiðluleikarinn Unnur Birna Björnsdóttir og píanóleikarinn Sigurður Helgi Oddsson halda uppi stemningunni frá kl.21-23.

**Hvað?** Möller Mashup no°4
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlemmur Square

**Hvað?** Seiðlæti – Útgáfuathöfn vegna plötunnar Þagnarþulur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Seiðlæti sendir frá sér plötuna Þagnarþulur. Dúettinn Seiðlæti skipa þau Úní Arndísar, seiðkona og tónlistarkona, og Reynir Katrínar, galdrameistari og listamaður.

**Hvað?** Tónleikar – Hausthressing
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Nú þegar sólin er farin að lækka á lofti og veðrið að kólna fannst þessum hópi ungra tónlistarmanna upplagt að bjóða upp á hausthressingu í formi ljúfra tóna. Hópurinn samanstendur af krökkum sem hafa stundað eða stunda enn háskólanám í tónlistarborgunum Berlín, Leipzig og Vínarborg en eru nú öll stödd á Íslandi yfir sumartímann. Dagskrá tónleikanna verður fjölbreytt og skemmtileg. Það verður sungið, spilað á fiðlu og píanó og flakkað á milli Bachs, Mozarts, Sibeliusar, Schuberts, Wolfs og annarra meistara, íslenskra sem erlendra.

### Viðburðir

**Hvað?** Eusebio pub quiz
**Hvenær?** 20.00



Októberfest hefst á Hard Rock Café í dag. Usain Bolt verður líklega ekki þar.

**Hvar?** Húrra, Naustunum
Björn Teitsson, Örvar Smárason og Hrafnhildur Agnarsdóttir stjórna fótbolta-pubquizi. Hefst kl. 20 og það er frítt inn og tilboð á barnum á meðan á quizinu stendur.

**Hvað?** Octoberfest im Hard Rock Café
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Octoberfest im Hard Rock Café Reykjavík 20. sept. til 1. okt. Allir sem mæta í Lederhosen eða Dirndl fá Maß und Pretzel í boði húsins. Fáðu þér alvöru þýsk pretzel, Wienerschnitzel, Octoberfest hamborgara eða Wurst platta.

**Hvað?** Nýsköpunarhádegi Gulleggsins
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Í dag verður nýsköpunarhádegi Gulleggsins í samstarfi við Ungar athafnakonur, Women Tech Iceland og Stjórnvísi. Þema fundarins er sögustund með stofnendum, þar sem 4 stofnendur koma saman í panelumræðum um ferðalagið við stofnun fyrirtækis. Jenný Ruth Hrafnsdóttir, meðstofnandi Crowberry Capital. Vala Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri og meðstofnandi Visku. Helga Ólafsdóttir, stofnandi og yfirhönnuður iglo+indi. Kolbrún Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri og meðstofnandi Florealis.

Framleiðni, sóun og straumlínustjórnun
í bygginga- og mannvirkjageiranum

Íslenski byggingavettvangurinn boðar til málþings, fimmtudaginn 21. september kl. 9–12 á Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrá

- Straumlínustjórnun (LEAN) í byggingariðnaði
  **Ýr Gunnarsdóttir**, OE Process Leadership, Shell International
  **Þórður Víkingur Friðgeirsson**, lektor við tækni- og verkfræðideild HR
- Framleiðni í byggingariðnaði
  **Hannes Frímann Sigurðsson**, verkefnastjóri Íslenska byggingavettvangsins
- Sóun í byggingariðnaði
  **Svanur Daníelsson**, öryggisstjóri Munck Íslandi

**Allir velkomnir**
**Skráning á www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins · Íbúðalánasjóður · Mannvirkjastofnun · Nýsköpunarmiðstöð Íslands · BVV Byggingavettvangurinn

BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Square ..... 17:15, 20:00, 22:00
Sami Blood ..... 17:45
Sjól og skart ..... 18:00
Stella í Orlofi ..... 20:00
The Limehouse Golem ..... 20:00
Kongens Nei ..... 22:45
Eg Man Þig ..... 22:15
THE SQUARE
Stella í orlofi




**MOMMY DEAD AND DEAREST**
KL. 20:25
Mögnuð heimildarmynd þar sem varpað er ljósi á morðið á Deedee Blanchard og þá atburðarás sem leiddi til morðsins en það var dóttir hennar, Gypsy Rose, sem varð henni að bana.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**JAMIE´S 15 MINUTE MEALS**
KL. 19:30
Stórskemmtilegir og hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



**WENTWORTH**
KL. 21:50
Það er ekki tekið út með sældinni að dúsa í hættulegasta kvennafangelsi Ástralíu. Glæný og ögrandi sería um útsmognu glæpakvendin í Wentworth-fangelsinu.



**NASHVILLE**
KL. 22:45
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**THE NICE GUYS**
KL. 22:00
Gamansöm spennumynd um þá Holland March og Jackson Healy sem búa í Los Angeles árið 1977. Aðalhlutverk leika Ryan Gosling og Russel Crowe.



**CURB YOUR ENTHUSIASM**
KL. 19:00
Í heimi þar sem almenn leiðindi eru skemmtilegust og óþolinmæði og smámunasemi eru fremstar allra dyggða, þar er Larry Davies ókrýndur konungur.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** Mindy Project
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Undateable
**10.40** My Dream Home
**11.25** Bomban
**12.15** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.45** Hart of Dixie
**16.30** Schitt's Creek
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** Mommy Dead and Dearest
**21.40** Wentworth
**22.30** Nashville
**23.15** NCIS
**00.00** Insecure Önnur syrpa þessara frábæru þátta úr smiðju HBO og fjallar um hispurslausa en afar óöruggu unga konu sem leikin er af Issu Rae sem er jafnframt höfundur þáttanna og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að finna sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og oft á tíðum ganga í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
**00.30** Animal Kingdom
**01.20** The Son Tvöfaldur fyrsti þáttur af þessari vönduðu þáttaröð með Pierce Brosnan í aðalhlutverki sem fjallar um blóðugt upphaf ofurveldisins sem Ameríka varð.
**02.50** The Son
**03.30** The Son
**04.15** Covert Affairs
**04.55** The Mysteries of Laura
**05.40** Married

## STÖÐ 2 SPORT

**08.30** Barcelona - Eibar
**10.10** FH - Afturelding
**11.35** Seinni bylgjan
**12.55** New Orleans Saints - New England Patriots
**15.30** Valur - Fjölnir
**17.15** Leicester - Liverpool
**18.55** Man. Utd. - Burton Albion
**21.10** Pepsímörkin
**22.30** Chelsea - Nottingham Forest
**00.10** Real Madrid - Real Betis
**01.50** Arsenal - Doncaster Rovers

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Premier League Review
**07.55** Newcastle - Stoke
**09.35** WBA - West Ham
**11.15** Liverpool - Burnley
**13.00** Messan
**14.20** Meistaradeildarmörkin
**15.00** Síðustu 20
**15.20** Augsburg - Leipzig
**17.00** Barcelona - Eibar
**18.40** Arsenal - Doncaster Rovers
**20.50** Burnley - Leeds
**22.30** Hamburg - Bor. Dortmund
**00.10** WBA - Manchester City
**01.50** Man. Utd. - Burton Albion

## STÖÐ 3

**17.25** New Girl
**17.50** Mike & Molly
**18.10** The Big Bang Theory
**18.35** Modern Family
**19.00** Curb Your Enthusiasm
**19.30** Veistu hver ég var?
**20.25** Man Seeking Woman
**20.50** Cold Case
**21.35** Supernatural
**22.20** Luck
**23.10** Banshee
**23.55** Modern Family
**00.20** Curb Your Enthusiasm
**00.50** Veistu hver ég var?
**01.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Skógardýrið Húgó
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Frummaðurinn


Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Evian Championship
**11.00** Evian Championship
**16.30** BMW Championship
**19.00** Golfing World
**19.50** Presidents Cup - Preview Show
**20.20** Champions Tour Highlights
**21.15** Golfing World
**22.05** Golfing World
**22.55** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.15** A Royal Night Out
**13.50** African Safari
**15.15** Dumb and Dumber To
**17.05** A Royal Night Out
**18.40** African Safari
**20.10** Dumb and Dumber To Það eru liðin 20 ár síðan við kynntumst félögunum Harry Dunne og Lloyd Christmas. Nú leggja þeir upp í ferðalag til að hafa uppi á dóttur Harrys og athuga hvort hún geti gefið honum annað nýrað úr sér. Eins og við er að búast þá er þetta skrautlegt ferðalag og ýmislegt sem kemur uppá á leiðinni. Með aðalhlutverk fara Jim Carrey og Jeff Daniels.
**22.00** The Nice Guys
**23.55** The Quiet Ones Spennutryllir frá árinu 2014 sem fjallar um háskólaprófessorinn Jospep Coupland sem ásamt nemendum sínum framkvæmir tilraunir á ungri stúlku, Jane Harper, sem heldur því fram að illur andi hafi tekið sér bólfestu í líkama hennar. Skelfilegir hlutir koma í ljós, þar á meðal um fortíð Jane Harper.
**01.30** Blackhat
**03.40** The Nice Guys

## RÚV

**16.55** Með okkar augum
**17.25** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.14** Klaufabárðarnir
**18.22** Sanjay og Craig
**18.45** Lautarferð með köku
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.05** Vatnajökull - Eldhjarta Íslands
**20.40** Bókaspjall: Herbjörg Wassmo
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Njósnarar Vísindakirkjunnar
**23.20** Kastljós og Menningin
**23.40** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Crazy Ex-Girlfriend
**15.25** America's Funniest Home Videos
**15.50** Kitchen Nightmare
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Life in Pieces
**20.10** How Not to DIY
**21.00** Chicago Justice
**21.45** The Handmaid's Tale
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** How To Get Away With Murder
**02.35** The Catch
**03.20** Dice
**03.50** Chicago Justice
**04.35** The Handmaid's Tale
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

PANTAÐU FYRIR 30. SEPT. OG FÁÐU EITTHVAÐ ALVEG EXTRA

Þú færð EXTRA búnað á nýjan RENAULT ef þú pantar fyrir 30. september

RENAULT
Passion for life

# NÝR TALISMAN

## BÍLL ÁRSINS 2017 AÐ MATI BANDALAGS ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA (BÍBB)




## NÝR RENAULT TALISMAN

### DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,7 L/100 KM*

Renault Talisman er nýja flaggskipið í Renault fjölskyldunni. Hann var valinn fallegasti bíll ársins af samtökum bílaframleiðenda og er eini bíllinn í sínum stærðarflokki sem fáanlegur er með Multi Sense akstursstillingakerfi og fjórhjólastýringu.

## VERÐ FRÁ: 3.750.000 KR.

EXTRA Þú færð EXTRA búnað á nýjan TALISMAN að verðmæti **350.000 kr.**

**Staðalbúnaður í Zen útgáfu:** 5 stjörnur í EuroNCAP árekstarprófunum - 17" álfelgur - 7" snertiskjár og íslenskt leiðsögukerfi - Brekkuaðstoð (Hill Start assist) - LED dagljós - Þokuljós á framstuðara - Afturljós 3D LED - Dekkjaþrýstingskerfi - Hraðastillir (Cruise control) - Rafdrifnar rúður - Leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum - Handfrjáls símabúnaður (Bluetooth) með raddstýringu - 2ja svæða tölvustýrð loftkæling - Hiti í framsætum - Hæðarstillanlegt sæti fyrir ökumann - Armpúði milli framsæta - Rafdrifnir upphitaðir útispeglar - Fjarlægðarvari að framan og aftan - Regnskynjari fyrir rúðuþurrkur - Sjálfvirk birtuskynjun á aðalljósum (High beam assist) - Akreinavari (Lane departure warning) - Vegaskiltanemi (Roadsign recognition) - Rafdrifin handbremsa.

E F

„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM83595

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar**<br>Reykjanesbæ<br>www.gebilar.is<br>420 0400 | **Bílasalan Bílás**<br>Akranesi<br>www.bilas.is<br>431 2622 | **Bílasala Akureyrar**<br>Akureyri<br>www.bilak.is<br>461 2533 | **Bílaverkstæði Austurlands**<br>Egilsstöðum<br>www.bva.is<br>470 5070 | **IB ehf.**<br>Selfossi<br>www.ib.is<br>480 8080 | **BL söluumboð**<br>Vestmannaeyjum<br>481 1313<br>862 2516 | **BL ehf**<br>Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík<br>525 8000 / www.bl.is |

B|L









Hyundai i30 er hannaður í Evrópu og er með fimm ára ábyrgð. Vélin lumar á heilum 140 hrossum undir húddinu sem ætti að skila deitinu heim á skikkanlegum tíma. Ódýrasti bíllinn fannst á 450 þúsund. NORDICPHOTOS/GETTY

# Allt í lagi að koma á Hyundai i30 á fyrsta deit

Að púlla upp í i30 Hyundai á fyrsta deit eins og **Króli** syngur um í laginu B.O.B.A. er í fínu lagi enda bíllinn vel útbúinn og með góða aksturseiginleika. Töluvert meira hefur selst af bílnum undanfarna daga.



Króli er ánægður með sinn i30 Hyundai í myndbandinu B.O.B.A.



Jasmín Dúfa Pitt á stjörnuleik í myndbandinu. MYNDIR/SKJÁSKOT

Síðustu 10 daga hefur hver Hyundai i30 bíllinn rúllað út úr umboðinu í Garðabæ í hendur nýrra eigenda. Hyundai i30 kemur fyrir í laginu B.O.B.A., með þeim Jóa Pé og Króla, sem er eitt vinsælasta lag landsins þessa stundina. „Síðustu tíu daga hefur verið að seljast meira af þessum bíl. Hvort það er laginu að þakka eða ekki veit ég ekki. Hann er reyndar mjög góður,“ segir Kristinn Páll Teitsson, sölumaður hjá Hyundai umboðinu.

Ódýrasti bíllinn kostar rúmar 450 þúsund krónur á bílasölur.is en ódýrasta útgáfan af nýjum bíl kostar um þrjár milljónir. Dýrasta útgáfan er á um 4,2 milljónir.

Lagið hefur fengið gríðarlega góðar viðtökur og þeir Jóhannes Damian Patreksson og Kristinn Óli Haraldsson hafa skotist upp á stjörnuhimininn á miklum hraða. Horft hefur verið á lagið um 350 þúsund sinnum á YouTube og spilað oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á tónlistarveitunni Spotify.

Nýlega kom út átta laga plata með þeim félögum sem heitir Gervliglingur og hefur verið að fá góðar viðtökur þó vinsældir B.O.B.A. lagsins slái öll met. „Þetta eru búnir að vera mjög góðir dagar varðandi i30 bílinn en hvort það er laginu að þakka er stór spurning. Þetta er bíll með góða aksturseiginleika, góða vél og er vel útbúinn með góðar græjur. Það er allt í lagi að koma á i30 á fyrsta deit,“ segir Kristinn.

**benediktboas@365.is**

## Viðlagið í B.O.B.A.

B.O.B.A. það er bomba. Fíla ekki góða píu, fíla bara vonda. Fyrsta deiti, púlla upp í i30 Hyundai. Slæmar stelpur gera mig svo rousey eins og Ronda.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



# 1 AF HVERJUM 5
## SEM SMITAST VEIT EKKI AF ÞVÍ

**Hvar get ég komist í greiningarpróf?**
Hægt er að komast í greiningarpróf á vegum Meðferðarátakins vikuna 18.-22. september nk. Prófað verður með hraðgreiningarprófum sem þarfnast eingöngu munnstroks eða blóðdropa og fást niðurstöður á 20-40 mínútum:

**Landspítali:**
Göngudeild 10E Hringbraut - mán.-föst. kl 8-16
Göngudeild A3 í Fossvogi - mán.-föst. kl 8-16

**SÁÁ:**
Sjúkrahúsið Vogur, Stórhöfða 45 - mán.-föst. kl 8-16

**Rauði Kross Reykjavíkur:**
Frú Ragnheiður, á starfstíma bílsins kl 18-21
sími: 7887 123

**Samtökin ´78:**
Á opnu húsi að Suðurgötu 3, fimmt. 21. sept kl 17-21

**TÍMINN ER NÚNA!**
Hafðu samband
**800 1111**

LIFRARBÓLGA
– MÆLUM MEÐ MEÐFERÐ –

# RISA OPNUNARPARTÝ

## FIMMTUDAGUR 21/09

**25% afsláttu af öllu í búðinni.**

(Gildir ekki á Lego, leikjatölvum og gjafabréfum.)

### FYRSTUR KEMUR

50% – 15 stk

40% – 50 stk

50% – 20 stk

50% – 50 stk

40% – 50 stk

## FÖSTUDAGUR 22/09

### Skautadagur

40% SKATEBOARDS

20% Fisher-Price

25% Shopkins

### FYRSTUR KEMUR

40% – 50 stk

40% – 50 stk

40% – 50 stk

40% – 30 stk

60% – 30 stk



JULIA MYROLL JENSEN
28 ári
9 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR Í LEGO

MIA LENANDER
27 ári
10 ára reynsla
af leikfangasölu
SÉRFRÆÐINGUR
Í PRE-SCHOOL

Toys"R"Us

# TOYS"R"US OPNA Í KRINGLUNNI

## LAUGARDAGUR 23/09

### Youtubeday LazyTown heimsækir Toys"R"us

30% FOOTBALL GOALS

25% GEMMIES

25% Kinetic Sand

### FYRSTUR KEMUR

40% 50 stk

50% 50 stk

40% 50 stk

30% 40 stk

## SUNNUDAGUR 24/09

### 250 ókeypis bollakökur

60% Despicable Me 3 Minions

20% Star Wars, Avengers

25% Pokémon

25%

### FYRSTUR KEMUR

40% 30 stk

40% 50 stk

40% 50 stk

50% 50 stk

40% 50 stk

## HITTU GEOFFREY



Kringlunni 4-12
103 Reykjavik

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur: | 10:00-21:00 |
| Föstudagur: | 10:00-19:00 |
| Laugardagur: | 10:00-18:00 |
| Sunnudagur: | 13:00-18:00 |

Toys"R"us

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jónu Hrannar Bolladóttur




## Samkennd á netinu

Ég hef lengi fylgst með því hvernig fólk hefur fengið tækifæri í auknum mæli til þess að sýna samkennd á netinu. Það er æ algengara að fólk tilkynni andlát, tjái sig um missi eða minnist látinna ástvina í gegnum samfélagsmiðla. Það hefur einnig gerst á síðustu árum að margir sem greinast með alvarlega sjúkdóma og eru að fara í gegnum langvarandi meðferðir tjái sig á þessu almannarými. Búnir eru til Fb-hópar vina, ástvina og jafnvel kunningja. Þar er fólk að tjá sig um andlega og líkamlega líðan sína frá degi til dags.

Þorsteinn Gylfason heimspekingur var eitt sinn spurður að því hvað væri menning og hann svaraði: Menning er að vanda sig. Mér til gleði sé ég að það hefur skapast á þessum vettvangi falleg menning og það heyrir til undantekninga ef fólk vandar sig ekki. Sum senda hjarta, þau sem eiga kannski djúpa reynslu gefa hluttekningarorð af mikilli visku, eða fólk sem farið hefur í gegnum hliðstæða sjúkdóma segir frá því sem reynst hefur því vel. Þegar ég sé þessi samskipti hlýnar mér um hjartarætur og ég hugsa: Þetta eru hendur Guðs í heiminum. Nú þegar rannsóknir sýna að tölvu- og snjallsímanotkun eykur á þunglyndi og kvíða ungmenna þá er ljós í myrkrinu að það skuli vera hægt að nota netið til þess að sýna samkennd og fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og finna til.

Nú erum við að fara inn í kosningaferli og það sem ég kvíði fyrir er það að horfa upp á fullorðið fólk kasta skömminni á milli sín og niðurlægja hvert annað þannig að unga fólkið okkar hristi höfuðið og vilji ekki vera með. Nú ríður á að vera ekki upptekinn af því að vera hreinni en aðrir en muna að við erum samferða í öllum aðstæðum lífsins og við þurfum að vanda okkur.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland











*Ferðastu **á þínum** forsendum*

Töskur, aukið sætabil, stærra sæti, greið leið um borð?
Þrjár einfaldar leiðir til að ferðast með WOW air. Þitt er valið.

*WOW Basic* Einfaldasta leiðin fyrir þá sem þurfa að komast frá A til B.

*WOW Plus* Þegar þú ert með farangur og vilt ekki flækja hlutina.

*WOW Biz* Settu þig í fyrsta sæti og njóttu ferðarinnar til fulls.

WOW air

WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS